ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 10. júní 1998 • 23. tbl. • 15. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Oddvitar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, Birna Lárusdóttir og Guðni Geir Jóhannesson með tilvonandi bæjarstjóra, Halldóri Halldórssyni er málefnasamningur á milli flokkanna tveggja var undirritaður í Skrúði í Dýrafirði.

Ísafjarðarbær

Málefnasamningur undirritaður

Málefnasamningur milli Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í Ísafjarðarbæ var undirritaður á þriðjudag í síðustu viku í Skrúði í Dýrafirði. Það voru oddvitar flokkanna í bæjarstjórn, þau Birna Lárusdóttir og Guðni Geir Jóhannesson, sem undirrituðu samninginn að viðstöddu fulltrúaráði flokkanna, tilvonandi bæjarstjóra og gestum.

Í málefnasamningnum er gert ráð fyrir að forseti bæjarstjórnar 1. og 3. árið verði af D-lista Sjálfstæðisflokks auk varaforseta allt kjörtímabilið. Forseti bæjarstjórnar 2. og 4. árið verður af B-lista Framsóknarflokks og formaður bæjarráðs 1. og 3. árið verður af B-lista og 2. og 4. árið af D-lista.

Þá segir í samningnum að lokið verði við þau verk sem þegar hefur verið ráðist í á vegum bæjarfélagsins áður en farið verður út í nýjar framkvæmdir að undanskildu því að fundin verði framtíðarlausn á húsnæðismálum Grunnskólans á Ísafirði fyrir árslok 1998. Þá segir að kannaðir verði til hlítar möguleikar á nýbyggingum eða viðbyggingum á núverandi skólalóð og sú leið borin saman við aðrar útreiknaðar leiðir í samráði við skólastjórnendur og foreldrafélög. Þá er kveðið á um í samningnum varðandi atvinnumál, skipulagsmál og að mörkuð verði framtíðarstefna í íþrótta- og æskulýðsmálum.

Þá segir í samningnum að áfram skuli unnið að því að móta skólastefnu sem tekur til allra skólastiga í sveitarfélaginu og að hafnarframkvæmdum verði haldið áfram samkvæmt áætlunum og mótaðar verði langtímaáætlanir vegna framkvæmda við vatnsveitur, holræsi og gatnagerð.

Þá er lagt til að fyrir lok þessa árs verði unnið að þriggja ára fjárhagsáætlun sem verði til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar bæjarfélagsins.

Í samningnum er einnig kveðið á um að Halldór Halldórsson verði bæjarstjóri.

Að fá þann stóra í happdrættinu

– sjá samtal við Össur P. Valdimarsson, sem ennþá ekur um götur Ísafjarðar á „gamla sorrí Grána“ en er á förum til Spánar ásamt fjölskyldu sinni, á bls. 8

ÁGÚST & FLOSI ehf
BYGGINGAVERKTAKAR

SÓLPALLA OG SKJÓLVEGGJAEFNI ÁSAMT ÖÐRU BYGGINGARTIMBRI Í ÚRVALI
MJÖG HAGSTÆTT VERÐ

Bæjarins besta

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9,
400 Ísafjörður
☎ 456 4560
456 4564

Stafræn útgáfa:
http://www.snerpa.is/bb
Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson

Netfang prentsmiðju:
hprent@snerpa.is
Netfang ritstjórnar:
bb@snerpa.is

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

Haukur Björnsson frá Útflutningsráði ásamt þeim Jóhanni Jónassyni, Páli Harðarsyni og Albert Högnasyni eigendum 3X-Stál ehf. Ljósmynd: Finnbogi Hermannsson.

3X-Stál fær viðurkenningu Útflutningsráðs

Öflugasta fyrirtækið á sviði vinnslukerfa

Verkefninu „Útflutningsaukning og hagvöxtur", sem er þróunarverkefni fyrir verðandi útflytjendur, lauk í síðustu viku. Fyrirtækið 3X-Stál ehf., á Ísafirði hlaut sérstaka viðurkenningu dómnefndar verkefnisins fyrir stefnumótandi markaðsáætlun sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins Jóhann Jónasson, vann fyrir markaðssetningu fyrirtækisins fyrir rækju í Kanada.

3X-Stál hefur náð því á fjórum árum að verða öflugasta fyrirtæki landsins á sviði vinnslukerfa fyrir rækju og hefur jafnframt á þessum tíma verið í beinni samkeppni við erlend fyrirtæki um verkefni í innlendum rækjuvinnslum og þekkir því vel til erlendrar samkeppni á þessu sviði.

Þeir félagar í 3X-Stál, Jóhann, Albert og Páll, komust að þeirri niðurstöðu fyrir um ári síðan að markaðshlutdeild fyrirtækisins á heimamarkaði væri orðin það mikil að vaxtarmöguleikar fyrirtækisins lægju erlendis og ákváðu því að taka þátt í þessu verkefni til að láta á það reyna hvers þeir mættu sín úti í hinum stóra heimi.

Í verkefninu vinnur hver þátttakandi að sinni viðskiptahugmynd, framkvæmir nauðsynlega rannsókn á markaðnum, mótar markmið og gerir áætlanir ásamt því að heimsækja markaðinn sem um ræðir. Vinnur þátttakandinn sjálfur að þessum málum undir leiðsögn valinna manna þannig að þekkingin situr eftir hjá honum og fyrirtæki hans til framtíðarnota.

Útflutningsráð bauð nú í áttunda sinn til þessa verkefnis og naut til þess fjárhagslegrar aðstoðar Nýsköpunarsjóðs og Íslandsbanka. Hafa nokkur af framsæknari fyrirtækjum landsins í markaðsþróun erlendis verið meðal þátttakenda.

Ökumenn, slakið á bensíngjöfinni!

Tveir ökumenn teknir grunaðir um ölvun við akstur

Síðastliðinn föstudag var ökumaður stöðvaður á 67 km hraða við Leiti á Ísafjarðarvegi í Hnífsdal en þar er hámarkshraði leyfður 35 km á klst.

Samkvæmt nýrri reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum var ökumaðurinn sviptur ökurétti á staðnum, en sekt við broti sem þessu er kr. 20.000 auk ökuleyfissviptingar í einn mánuð.

Lögreglan á Ísafirði vill hvetja alla ökumenn til að slaka á bensíngjöfinni og sýna þar með að hægt er að komast áfram um götur bæjarins og sýslurnar allar, til að sinna erindum sínum, án þess að aka yfir leyfilegum hraðamörkum.

Um síðustu helgi voru einnig tveir ökumenn sviptir ökurétti vegna gruns um ölvun við akstur. Í frétt frá lögreglunni segir vegna þessa:

„Hvað er það sem rekur menn undir stýri eftir að hafa neytt áfengis? Sá sem slíkt gerir, má þakka lögreglunni fyrir að stöðva akstur hans, svipta hann ökurétti og gera honum að greiða háa sekt. Það er það ódýrasta sem fyrir hann getur komið. Lendi hann í umferðaróhappi, er hann ávallt sá seki og Guð hjálpi honum, slasi eða deyði hann mann. Það er tjón sem aldrei verður bætt."

Júlíus Geirmundsson ÍS.

Ísafjörður

Góður afli hjá Júlíusi

Frystitogarinn Júlíus Geirmundsson kom til heimahafnar á Ísafirði á laugardag eftir tuttugu daga veiðiferð á Reykjaneshrygg og Skerjadýpi.

Aflinn var 400 tonn af frosnum afurðum eða tæp 680 tonn upp úr sjó að verðmæti 42-43 milljónir króna. Er skipið hafði verið tvær vikur að veiðum þurfti það að landa í Hafnarfirði vegna fullfermis. Uppistaðan í aflanum var úthafskarfi og gulllax.

Frá því um mánaðamótin mars-apríl hefur skipið farið í þrjár 20 daga veiðiferðir og er aflinn úr þeim orðinn 1.700 tonn upp úr sjó að verðmæti um 130 milljónir króna.

Djúpvegur

Fimm tilboð

Fimm tilboð bárust í lagningu Djúpvegar um Digranes og Laugardalsá sem boðið var út af Vegagerðinni fyrir stuttu.

Norðurverk ehf., á Sauðárkróki bauð tæpar 66,5 milljónir króna í verkið, Héraðsverk ehf., á Egilsstöðum bauð 62,8 mkr., Græðir sf., á Flateyri bauð 53,6 mkr., Fylling ehf., á Hólmavík bauð 79,2 mkr., og Jón og Magnús ehf., buðu 50,6 milljónir króna.

Játning þingmannsins

Leiðari

Í eldhúsdagsumræðum á Alþingi s.l. miðvikudag sagði Kristján Pálsson, einn þingmanna Sjálfstæðisflokksins, eftir að hafa gert að umtalsefni ný lög um miðhálendið og kvótalögin, sem margir hafa lagt að jöfnu hvað varðar úthlutun gæða, sem almennt eru talin þjóðareign:

„Þarna er ólíku saman að jafna. Miðhálendið er sett undir ríkið og eignaryfirráðin eru ríkisins, eins og komið hefur fram, *meðan kvótinn er afhentur útgerðarmönnum til veðsetningar, til sölu, leigu og veiða allt eftir geðþótta hvers og eins útgerðarmanns.*"(Leturbr.BB)

Af þessum ástæðum sagði þingmaðurinn fiskveiðistjórnunarkerfið þyrnir í augum þjóðarinnar, sem telur að útgerðinni hafi verið gefin þjóðareignin. Þessa þjóðartilfinningu kvað þingmaðurinn afleita tilfinningu. Rakti hann síðan raunir sínar og annara þingmanna, sem a.m.k. í orði kveðnu vildu koma í veg fyrir veðsetningu kvótans og kvað þrýsting frá ríkisbönkunum hafa ráðið mestu um þá afstöðu þingmanna að heimila veðsetninguna. Þetta er ansi opinská yfirlýsing um að þingmenn hafi látið raunverulega afstöðu sína til málsins lönd og leið til þess að draga bankana að landi í lánamálum, tryggingarlega séð.

Hreinskilni þingmannsins er virðingarverð. Skemmst er að minnast viðtals DV við Kristján 9. des. s.l. Þar lýsir hann yfir andstöðu við auðlindaskatt. Og hann óttast að bann við kvótaframsali leiði til þess eins að Suðurnesjamenn fengju ekki þann afla, sem þeir hingað til hafa getað leigt af öðrum útgerðarmönnum. Sum fyrirtæki á Suðurnesjum hafa verið að leigja kvóta fyrir allt að 100 milljónum króna. Sem sagt: Það er betra að eiga sitt undir geðþóttaákvörðunum kvótahandhafa og greiða þeim millónir á milljónir ofan fyrir gjafakvótann heldur en greiða sannvirði til sameiginlegra þarfa samfélagsins fyrir sömu afnot af auðlindinni.

„Okkur sem nú sitjum á þingi er því mikill vandi á höndum," sagði þingmaðurinn og skilgreindi það ekki frekar. En hver er þessi mikli vandi þingmanna? Heldur gjafmildin á þjóðareignninni orðið vöku fyrir þeim? Kvelur það marga að hafa látið sannfæringuna lönd og leið og lotið flokksaga við atkvæðagreiðslu þegar verja þurfti kvótabraskið? Að ekki sé minnst á stuðning við sjónarmið ráðherra af tillitssemi einni saman! Eða er hugsanlegt að vandi margra núverandi þingmanna sé óttinn við vaxandi ólgu í þjóðfélaginu, óttinn um stöðu sína meðal kjósenda?

Opnist ekki augu þingmanna og skilji þeir ekki þjóð sína fer ekki hjá því að undiraldan, sem enn veltir fleyinu mjúklega, verður að fljóðbylgju. Og þá er hætt við að steyti á skeri.

Þegar sú stund rennur upp fer ekki hjá því að núverndi þingmönnum verður ljós sá vandi, sem að þeim steðjar.

s.h.

Vestfirðir

Heimir í heimsókn

Karlakórinn Heimir í Skagafirði verður á tónleikaferðalagi um Vestfirði dagana 11.-13. júní. Á föstudag kl. 21 verður kórinn með tónleika í Félagsheimili Bolungarvíkur og daginn eftir verður kórinn með tvenna tónleika, í Félagsheimilinu á Þingeyri kl. 16 og kl. 21 í Ísafjarðarkirkju. Meðal söngvara í kórnum eru þeir Álftagerðisbræður, Gísli, Óskar, Pétur og Sigfús. Efnisskráin er fjölbreytt.

Edinborgarhúsið

Hrefna sýnir verk sín

Hrefna Lárusdóttir sýnir akrýl- og vatnslitamyndir í Edinborgarhúsinu á Ísafirði dagana 17. júní til 8. júlí. Hrefna hefur sýnt í Þýskalandi, Luxemburg og Reykjavík og er þetta ellefta einkasýning hennar. Hrefna er Reykvíkingur en býr í Luxemburg. Hún hefur verið búsett erlendis í 27 ár. Aðstandendur sýningarinnar hvetja Vestfirðinga til að mæta á sýninguna enda er þar margt fallegra verka.

Slunkaríki á Ísafirði

Fjórar sýna saman

Á laugardag verður opnuð í Slunkaríki sýning á verkum Aðalheiðar Valgeirsdóttur, Guðbjargar Ringsted, Hafdísar Ólafsdóttur og Magdalenu Margrétar Kjartansdóttur. Á sýningunni eru ný verk, þrykk, málverk og teikningar. Sýningin ber yfirskriftina „Vestur" sem er fleirtala af orðinu vesta, sem er rómversk gyðja heimilis og fjölskyldu og einnig ein af höfuðáttunum fjórum.

Bolungarvík

Þrifalegur golfvöllur

Ragnar Kristinsson, framkvæmdastjóri Gámaþjónustu Vestfarða ehf., afhendir hér Helga Birgissyni formanni Golfklúbbs Bolungarvíkur fyrstu ruslafötuna en átta slíkar til viðbótar verða settar upp á golfvelli Bolvíkinga. Á myndinni er einnig Þorbjörg Harðardóttir stjórnarmaður í golfklúbbnum. Mikið og öflugt starf er hjá golfklúbbnum í sumar og býður félagið m.a. nýjum iðkendum að kynnast íþróttinni á fimmtudagskvöldum undir leiðsögn reyndra kylfinga.

Gámaþjónusta Vestfjarða og Golfklúbbur Bolungarvíkur hafa gert með sér samning um að Gámaþjónustan komi upp ruslafötum á öllum teigum á golfvellinum í Bolungarvík.

Er þetta liður í að gera svæðið sem snyrtilegast sem og til að stuðla að betri umgengni við náttúru landsins.

Júlíus Ólafsson skrifar

Hver ber ábyrgð á öryggi vegfarenda?

Júlíus Ólafsson.

Þegar umferðarlys hefur orðið, þá verður sumum á að hrista höfuðið og dæsa: Hver ber eiginlega ábyrgðina á þessum ósköpum? Það er von að þeir spyrji. Er það lögreglan sem á að sjá til þess að allir fari eftir umferðarlögunum?

Að sjálfsögðu er það eitt af hlutverkum lögreglunnar að áminna fólk um að fara að umferðarlögum, en það gerir ekki lögregluna ábyrga fyrir umferðaröryggi. Ábyrgðina getur enginn tekið frá vegfarendum sjálfum. Hver og einn er og á að vera ábyrgur fyrir öryggi sínu og annarra í umferðinni.

Það er nauðsynlegt að við gerum okkur grein fyrir þessu og að við komum fram í samræmi við þessa ábyrgð okkar, því aðeins á þann hátt getum við stuðlað að auknu umferðaröryggi, hvert og eitt í sameiningu. Það er til dæmis ekki vottur um mikla ábyrgðartilfinningu að aka í gegnum þéttbýlisstaðina hér áVestfjörðum á fullum þjóðvegshraða.

Við verðum að gera ráð fyrir að þar séu á ferli aðrir vegfarendur sem eiga ekki von á að við nálgumst þá svo hratt og eiga ef til vill ekki möguleika á að leggja raunhæft mat á hraðann. Þetta á til dæmis við um börn og gamalmenni.

Bílar eða öllu heldur stjórnendur þeirra, eru lang stærstu slysavaldarnir. Því er okkur sem höfum réttindi til þess að stjóma bílum falið mikið vald. Við berum ábyrgð á því að allir komist leiðar sinnar á öruggan hátt.

Bifreiðaskoðun ber ekki ábyrgð á því að billinn minn sé í lagi. Lögreglan er ekki ábyrg fyrir því að ég aki á löglegum hraða eða fari á annan hátt eftir umferðarlögum.

Öryggi í umferðinni er á eigin ábyrgð.

Með vinsemd og virðingu,
Júlíus Ólafsson, umferðaröryggisfulltrúi Vestfjarða.

Súðavíkurhreppur

Jarðvinna við íþróttavöll

Súðavíkurhreppur óskar eftir tilboðum í jarðvinnu við íþróttavöll í nýju byggðinni. Útboðsgögn eru til sölu á skrifstofu hreppsins að Njarðarbraut 14.

Tilboðum skal skila á sama stað miðvikudaginn 18. júní kl. 14:00.

Súðavíkurhreppur.

RAUÐI KROSS ÍSLANDS
ÍSAFJARÐARDEILD

Barnfóstrunámskeið

Námskeið fyrir þá krakka, 11 ára og eldri, sem eru í vist í sumar, verður haldið í Rauða kross húsinu að Árnagötu 2, Ísafirði, tímabilið frá 15. - 19. júní, frá kl. 18:00-21:00.

Á námskeiðinu verður farið í öll almenn atriði er varða gæslu, umönnun og öryggi ungra barna, auk þess sem farið er yfir heilsuvandamál og atriði tengd skyndihjálp.

Kennarar eru þær Helga Björk Jóhannsdóttir, leikskólakennari og Margrét K. Hreinsdóttir, hjúkrunarfræðingur.

Námskeiðsgjald er kr. 2.500.- og er innifalin í því kennsla, kennslugögn og léttar veitingar.

Skráning fer fram í síma 456 3180.

RAUÐI KROSS ÍSLANDS
á norðanverðum Vestfjörðum

Sumarnámskeið fyrir 9-11 ára börn

Námskeiðið sem haldið er að Holti í Önundarfirði dagana 22. - 26. júní er ætlað börnum á aldrinum 9-11 ára og byggist upp á vettvangsferðum, útiveru og leikjum ásamt fræðslu um starfsemi Rauða krossins.

Námskeiðið stendur frá mánudegi til föstudags, frá kl. 09:00 til 16:00 daglega og lýkur með grillveislu sem foreldrum er boðið til. Foreldrar sjá um að koma börnum sínum til og frá staðnum daglega. Flestir dagar námskeiðsins hafa ákveðið þema, s.s. Afríkudagur, skyndihjálpardagur, flóttamannadagur og umhverfisdagur.

Nauðsynlegt er að tilkynna þátttöku sem fyrst þar sem fjöldi þátttakenda er takmarkaður. Kostnaður er kr. 5.000.-

Nánari upplýsingar eru veittar á Svæðisskrifstofu Rauða krossins í síma 456 3180.

Til sölu

LÖGSÝN EHF.
Lögfræðiþjónusta

Til sölu er fasteignin Aðalgata 28, Suðureyri. Um er að ræða einbýlishús á einni hæð ásamt bílgeymslu. Húsið er ca. 112 m² að stærð, byggt úr timbri á árinu 1981. Bílgeymsla er ca. 30 m² að stærð. Fasteignin er í mjög góðu ásigkomulagi og með góðum garði. Fasteignin er tilbúin til afhendingar.

Óskað er eftir tilboðum í eignina og skal þeim skilað til Björns Jóhannessonar, hdl., Aðalstræti 24, Ísafirði fyrir 20. júní nk. sem jafnframt gefur allar nánari upplýsingar um eignina í síma 456 4577. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum tilboðum.

ALLT Í GARÐINN! ALLT Á HÚSIÐ!





METRÓ ÁRAL

Verið velkomin!

Mjallargötu 1 • Sími 456 4644

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI
456 3940 & 456 3244 • 456 4547 • Netfang: tryggvi@snerpa.is

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti

Einbýlishús / raðhús

Árholt 12 - Úlfsá: 183,5 m² einbýlishús á tveimur hæðum, uppgert að mestu. **Verð: 10,800,000,-**

Brautarholt 9: 140m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. **Verð: 11.000.000,-**

Fjarðarstræti 33: 176,5 m² einbýlishús á tveimur hæðum. Góður garður **Verð: 8,500,000,-**

Góuholt 1: 142m² einbýlishús í góðu standi á einni hæð ásamt bílskúr. **Verð: 11,600.000,-**

Góuholt 3: 141m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. **Verð: 12,000,000,-**

Hafraholt 10: 144 m² enda raðhús á 2 hæðum ásamt bílskúr. **Verð: 9,300,000,-**

Hjallavegur 19: 242 m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Sér íbúð á neðri hæð Ýmis skipti möguleg. **Verð: 11,500,000,-**

Lyngholt 8: 138m² einbýlishús á einni hæð ásamt 31m² bílskúr. Skipti möguleg. **Verð: 10.800.000,-**

Móholt 9: Einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. **Laust strax.** Skipti á minni eign möguleg. **Verð: 11,500,000,-**

Seljalandsvegur 48: 188 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. **Verð: 12,700,000,-**

Seljalandsvegur 72: 112 m² einbýlishús á tveimur hæðum. **Verð: 8,500,000,-**

Silfurgata 9: 150m² einbýlishús á 2 hæðum á besta stað á Eyrinni ásamt geymslu, kjallara og skúr. **Verð: 6,900,000,-**

Tangagata 6a: 99,7 m² einbýlishús á tveimur hæðum. **Laust fljótlega. Verð: 6,800,000,-**

Tangagata 15b: 103 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt uppgerðum geymsluskúr. Laust fljótlega **Verð: 6,200,000,-**

Urðarvegur 13: 85 m² einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara. **Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 5,500,000,-**

Urðarvegur 27: 190,5 m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt bílskúr, góðum garði, svölum og sólpallil. **Tilboð óskast.**

Urðarvegur 58: 209 m² raðhús, byggt 1980. Innbyggður bílskúr. Fallegt útsýni. Hagstæð lán og góð kjör. **Verð: 10,500,000,-**

4-6 herbergja íbúðir

Engjavegur 31: 92 m² 4ra herb. íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi. Mikið uppgerð. Skipti á stærri eign möguleg. **Verð: 5,500,000,-**

Fjarðarstræti 11: 131 m² 4ra herbergja íbúð á e.h. í tvíbýlishúsi **Verð: 6,800,000,-**

Hnífsdalsvegur 27: 182 m² glæsileg íbúð með parketi og harðviðar-innréttingum. **Einnig:** 415 m² iðnaðar- og viðgerðar- húsnæði ásamt lager- húsnæði. **Tilboð óskast**

Silfurtorg 1: 104 m² 4-5 herb. íbúð ásamt 45 m² íbúðarlofti og hluta kjallara. **Mikið uppgerð. Verð: 8,000,000,-**

Skólagata 8: 227 m² tvær 4ra herbergja íbúðir ásamt góðum bílskúr, kjallara og mjög fallegum garði. **Efri hæð 7,500,000,- Neðri hæð 6,200,000,-**

Stórholt 9: 164,3 m² 6 herbergja íbúð á 1. hæð t.v. ásamt kjallara m/sér inngangi. Hægt er að ganga í garð af svölum. **Verð: 8,000,000,-**

Stórholt 13: 123 m² íbúð á 3ju hæð í fjölbýli ásamt bílskúr. Verið er að gera íbúðina upp. **Verð: 7,800,000,-**

Túngata 12: 99 m² 4ra herb. íbúð á miðhæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr. **Verð: 7,900,000,-**

Túngata 18: 89,2 m² 4ra herbergja íbúð í góðu standi á 3ju hæð í nýuppgerðu fjölbýlishúsi. Möguleg **skipti á minni** eign. **Verð: 6,900,000,-**

Stórholt 7: 74,6 m² íbúð á 3ju hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Verð: 5,300,000,-**

Stórholt 11: 80 m² íbúð í góðu standi á 3.h.t.h. í fjölbýli. **Laus strax. Verð: 5,800,000,-**

Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju hæð t.h. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Verð: 6,000,000,-**

Túngata 21: 84,9m² íbúð á 1.hæð í þríb.húsi ásamt bílskúr. **Verð: 6,500,000,-**

Urðarvegur 80: 82m² íbúð í fjölb.húsi ásamt sér geymslu. **Verð: 6,000,000,-**

Hlíf II, Torfnesi: 50,4 m² íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra. **Verð: 6,200,000,-**

Túngata 12: 62m² íbúð á jarðhæð í þríbýlishúsi, uppgerð að mestu. Skipti á stærri eign möguleg. **Verð: 3,900.000,-**

Túngata 18: 53,4m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Verð: 5,500,000,-**

Sundstræti 39

139 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr og mjög góðum, þurrum og stórum kjallara

Verð: 10,000,000,-

3ja herbergja íbúðir

Hrannargata 8a: 78 m² íbúð á tveimur hæðum, **öll uppgerð og mjög falleg. Verð: 4,200,000,-**

2ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 20: 94 m² íbúð á 4. hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Tilboð óskast**

Atvinnuhúsnæði

Austurvegur 1: 103,4 m² skrifstofuhúsnæði á 3. hæð. Fallegt útsýni. Laust fljótlega. **Verð: 5,500.000,-**

Bolungarvík

Stigahlíð 2: 60 m² 2ja herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýli. Íbúðin er í góðu standi. **Tilboð óskast**

Mercedes-Benz og Mazda á Atvinnuvegasýningu Vestfjarða á laugardag og sunnudag

Ræsir hf., og Bílatangi ehf., kynna byltingakenndar nýjungar frá Mercedes-Benz; hinn frábæra M-jeppa, sem nýtur sín jafnt á vegi sem vegleysu, og hinn fjölhæfa A-bíl sem er engu líkur á Atvinnuvegasýningu Vestfjarða á laugardag og sunnudag. Með í för verða einnig sígild meistaraverk eins og C- og E-línan.

MUNIÐ ATVINNUVEGASÝNING VESTFJARÐA Á LAUGARDAG OG SUNNUDAG

Á sýningunni gefst einnig frábært tækifæri til að kynnast hinum vönduðu Mazda-bílum og gera góð kaup

Verð velkomin í sýningarbás okkar á Atvinnuvegasýningu Vestfjarða

BÍLATANGI HF.
ÍSAFIRÐI

mazda

RÆSIR HF

Skúlagötu 59, Reykjavík, sími 540 5400

Atvinnuvegasýning Vestfjarða hefst í íþróttahúsinu á Torfnesi á laugardag

Sjötíu fyrirtæki kynna vörur sínar og þjónustu

Atvinnuvegasýning Vestfjarða 1998 hefst í íþróttahúsinu á Torfnesi á laugardag og stendur í tvo daga. Um sjötíu fyrirtæki taka þátt í sýningunni í ár sem er mikil fjölgun frá síðasta ári en sú sýning þótti takast hið besta.

Það er Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf., sem stendur að sýningunni og er verkefnisstjóri hennar, Þórunn Gestsdóttir.

Á sýninguna á síðasta ári komu um fimm þúsund gestir og standa vonir aðstandenda sýningarinnar til að þeim fjölgi í ár. Á sýningunni í fyrra varð sýnileg fjölbreytnin í atvinnulífi Vestfirðinga og mun hún verða enn sýnilegri í ár með fjölgun þátttakenda enda er á Vestfjörðum mikill auður, bæði í náttúruauðlindum og mannauði. Þegar þær lindir eru tengdar saman, safnast orka framfaravilja, atorku og hugvits í framrás atvinnulífsins.

Yfirskrift sýningarinnar í ár er Tindurinn - sækjum á brattann. Sýningarsvæðið nær yfir allt gólfpláss íþróttahússins auk þess sem húsnæði Framhaldsskóla Vestfjarða verður nýtt undir fyrirlestra um markaðsmál, jarðfræði og fleira. Þar verður einnig starfrækt verksmiðja þar sem nokkrir hönnuðir og handverksfólk verður að störfum.

Á svæðinu milli skólans og íþróttahússins er áætlað að koma fyrir útimarkaði með ýmsum söluvamingi.

Í frétt frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða vegna sýningarinnar segir m.a.:

,,Fullyrðingin um að atvinnulífið á Vestfjörðum sé fjölbreytt, mætir oft andstöðu, sérstaklega þeirra sem ekki þekkja til á svæðinu. Markmið sýningarinnar í ár er að endurspegla fjölbreytt og kraftmikið atvinnulíf á Vestfjörðum. Framþróun atvinnu- og mannlífs er undir þeirri orku komin að íbúar hvers samfélags sæki fram, sæki á brattann. Með það í huga hefur verið lögð fram tillaga að sérstakri yfirskrift sýningarinnar ,,Tindur - sækjum á brattann". Þrjú orð , framsýni, atorka og metnaður voru leiðarljós fyrstu atvinnuvegasýningar Vestfjarða og með þau orð að leiðarljósi er sótt á brattann."

Íþróttahúsið á Torfnesi.

Í tengslum við sýninguna verður gefið út veglegt rit er Finnbogi Hermannsson mun hafa veg og vanda af. Í því verður ýmis fróðleikur um menn og málefni með atvinnulífið í forgrunni. Þá verða á sýningunni ýmsir menningarviðburðir og skemmtan með vestfirskum listamönnum og ýmislegt fleira.

Hér að neðan má sjá kort af sýningarsvæðinu með númeruðum básum og á síðunni hér til hliðar er listi yfir þátttakendur á sýningunni.



TINDUR
-sækjum á brattann

Sýnendur og básanúmer

1
3X-Stál hf.,
2
Trésmiðjan hf.,
3
Póls hf.,
4
Landsbanki Íslands
5
Orkubú Vestfjarða
6.
Flugfélag Íslands
7
Slippfélagið
í Reykjavík
8
Sparisjóðirnir
á Vestfjörðum
9
Assa
10
Þörungaverksmiðjan
11
Póllinn hf.,
12
Mjólkursamlag
Ísfirðinga
13
Hótel Ísafjörður
Vesturferðir
14
Allrahanda hf.,
15
Strandir
16
Ágúst og Flosi hf.,
17
Steinar og Málmar
18
Vagninn Flateyri
19
Hf. Djúpbáturinn
20
Skipasmíðastöðin hf.
21
Frum - Mynd
22
Ísafjarðarkirkja
23
Svæðisskrifstofa
málefna fatlaðra
á Vestfjörðum
24
Gistiheimili Áslaugar
Sjóferðir - FMG
Bliki og Kiddý
25
Ferðamálafélag
Barðastrandarsýslu
26
Ferðamálasamtök
Vestfjarða
27
Vátryggingafélag
Íslands
28
Siglingamálastofnun
29
Hafnir
Ísafjarðarbæjar
30
S. I. Pétursson ehf.,
31
S. Ölver
Jóhannesson
32
Verkfræðistofa
Sigurðar Thoroddsen
33
Ríkisútvarpið
34
Baðstofan ehf.,
35
Vélsmiðjan
Bolungarvík hf.,
Hestaleigan Hrauni
36
Véla- og bílaþjónusta
Kristjáns ehf.,
37
Básafell hf.,
38
Rauði kross Íslands
39
Afrek ehf.,
40
Hólsvélar ehf.,
41
Stekkir ehf.,
42
Svæðisvinnumiðlun
Vestfjarða
43
Löggiltir endur-
skoðendur
á Vestfjörðum
44
Teiknistofa Elísabetar
Gunnarsdóttur
45
Gámaþjónusta
Vestfjarða ehf.,
46
Funi - Ísafjarðarbær
47
Skjólskógar
48
Framhaldsskóli
Vestfjarða
49
Digital á Íslandi
50
Hamraborg ehf.,
51
Samvinnuferðir
Landsýn
52
Metró - Áral ehf.,
Trésmiðjan ehf.,
53
Lífeyrissjóður
Vestfirðinga
54
Íshúsfélag Ísfirðinga
Gunnvör hf.,
55
Hafnarbúðin
Sjóklæðagerðin
56
Gúmmíbátaþjónustan
57
Netagerð Vestfjarða
58
Snerpa ehf.,
59
Íslandsbanki
60
Sjóvá - Almennar
61
Eimskip
62
Handverk
63
AtVest
64
Danól

ÍÞRÓTTA- OG LEIKJANÁMSKEIÐ

ÁGÆTU ÍBÚAR Í ÍSAFJARÐARBÆ!
GRETTIR ER ÖFLUGT ÍÞRÓTTAFÉLAG Á FLATEYRI. ÞAR ÆTLUM VIÐ AÐ BJÓÐA UPP Á ÍÞRÓTTA- OG LEIKJANÁMSKEIÐ Í SUMAR UNDIR STJÓRN PÉTURS BJÖRNSSONAR ÍÞRÓTTAKENNARA.
NÁMSKEIÐIN ERU ÆTLUÐ BÖRNUM Á ALDRINUM 6-12 ÁRA.
Á ÞESSUM NÁMSKEIÐUM VERÐA FJÖLBREYTT VIÐFANGSEFNI EINS OG FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR, LEIKIR, SUND, KNATTSPYRNA, GOLF, HESTAFERÐIR, VEIÐI, GÖNGUFERÐIR OG ÝMSAR SKEMMTANIR OG UPPÁKOMUR.
FRJÁLSÍÞRÓTTAÆFINGAR FYRIR ELDRI BÖRN VERÐA FRÁ KL. 16:30-18:00.
TAKMARKAÐUR FJÖLDI ER Á HVERJU NÁMSKEIÐI OG VILJUM VIÐ ÞVÍ HVETJA YKKUR TIL AÐ SKRÁ BÖRNIN SEM FYRST.
NÁMSKEIÐ Í SUMAR VERÐA EFTIRFARANDI:
8.-12. JÚNÍ - BÖRN 10-12 ÁRA
NÁMSKEIÐ Í EINA VIKU FRÁ KL. 9-16
15.-26. JÚNÍ - BÖRN 10-12 ÁRA
NÁMSKEIÐ HÁLFAN DAGINN Í TVÆR VIKUR FRÁ KL. 9-12
15.-26. JÚNÍ - BÖRN 6-9 ÁRA
NÁMSKEIÐ Í TVÆR VIKUR FRÁ KL. 13-16
6.-17. JÚLÍ - BÖRN 6-9 ÁRA
NÁMSKEIÐ HÁLFAN DAGINN Í TVÆR VIKUR FRÁ KL. 9-12
6.-17. JÚLÍ - BÖRN 10-12 ÁRA
NÁMSKEIÐ HÁLFAN DAGINN Í TVÆR VIKUR FRÁ KL. 13-16
20.-24 JÚLÍ - BÖRN 6-9 ÁRA
NÁMSKEIÐ Í EINA VIKU FRÁ KL. 9-16
27. JÚLÍ - 7. ÁGÚST - BÖRN 10-12 ÁRA
NÁMSKEIÐ HÁLFAN DAGINN Í TVÆR VIKUR FRÁ KL. 9-12
27. JÚLÍ - 7. ÁGÚST - BÖRN 6-9 ÁRA
NÁMSKEIÐ HÁLFAN DAGINN Í TVÆR VIKUR FRÁ KL. 13-16
10.-14. ÁGÚST - BÖRN 10-12 ÁRA
NÁMSKEIÐ Í EINA VIKU FRÁ KL. 9-16
ÍÞRÓTTA- OG LEIKJANÁMSKEIÐ KOSTAR KR. 5.000.-
FRJÁLSÍÞRÓTTAÆFINGAR Í MÁNUÐ KOSTA KR. 4.000.-
ALLIR SEM TAKA ÞÁTT Í NÁMSKEIÐUM GETA TEKIÐ ÞÁTT Í BARNAMÓTUM SUMARSINS SEM ERU ÞRJÚ OG VERÐA HALDIN Á SUÐUREYRI, FLATEYRI OG ÞINGEYRI.
NÁNARI UPPLÝSINGAR UM NÁMSKEIÐIN GEFUR PÉTUR BJÖRNSSON Í SÍMA 456 7716.

ÍÞRÓTTAFÉLAGIÐ GRETTIR, FLATEYRI

Að fá þann stóra í happdrættinu

– samtal við Össur P. Valdimarsson, sem ennþá ekur um götur Ísafjarðar á „gamla sorrí Grána“ en er á förum til Spánar ásamt fjölskyldu sinni

Í happdrættum detta sumir í lukkupottinn, eins og það er kallað. Þegar upp er staðið er þó allur gangur á því, hversu endingargóð sú lukka reynist. Stundum fréttist af fólki erlendis sem fær gríðarlega stóra vinninga, baðar sig í „hamingju“, frægð og rósum og sviðsljósi fjölmiðlanna um tíma, hættir í vinnunni og kaupir sér nokkur stykki Porsche eða Ferrari. Til allrar Guðs lukku er happdrættisvinningum frekar í hóf stillt á Íslandi. Hér þykir það gríðarstór vinningur, ef hann nemur árstekjum bankastjóra hjá ríkinu eða framkvæmdastjóra hjá kaupleigufyrirtæki.

Fyrir hálfu öðru ári fékk Össur P. Valdimarsson á Ísafirði happdrættisvinning sem var svo stór, að samsvarar tekjum bankastjóra í eitt ár (skemmtiferðir og konjakk á kostnað ríkisins ekki talið með), eða brúttótekjum verkakonu í hálfan mannsaldur (einnig fyrir utan skemmtiferðir og konjakk), svo tvö dæmi séu tekin til glöggvunar.

– Það er nærtækt að spyrja undir þessum kringumstæðum: Hafa margir beðið þig um lán? Fjölgaði „vinunum“ ekki allsnarlega eftir að fréttist af vinningnum?

„Fljótlega eftir að ég fékk vinninginn vildu sumir selja mér eignir sínar eða vildu bara fá eins og eina litla milljón að gjöf frá mér. Þetta fólk var sko ekkert að biðja mig um lán, heldur gjöf. Ég reyndi nú bara að horfa framhjá slíku, enda var þetta sagt í gríni.“

Áfram höktir hann þó

Össur hefur starfað meira en tuttugu ár hjá Íshúsfélagi Ísfirðinga og gerir enn, rétt eins og ekkert hafi í skorist. Þegar hann fékk þann stóra, rúmar þrettán milljónir í Happdrætti Háskóla Íslands, ók hann um götur Ísafjarðar á gráum Mitsubishi L-300 árgerð 1987. Og það gerir hann enn. Nú er gamli sorrí Gráni kominn í 180 þúsund kílómetra en áfram höktir hann þó. Og Össur er ekkert að hugsa um að festa fé sitt í nýrri blikkdós að sinni.

Eitt ár á Spáni til reynslu

Aftur á móti er hann á förum frá Ísafirði og Íslandi ásamt konu og börnum. Í fyrrasumar skrapp hann til Spánar með fjölskyldu sinni og festi þar kaup á tveimur íbúðum í nýbyggðum raðhúsum í úthverfi bæjarins Torrevieja.

„Við vissum reyndar ekki hvað við vorum að fara út í, en ætlunin er að dveljast þar eitt ár til að byrja með, koma börnunum í skóla og sjá hvernig okkur gengur“, segir Össur. „Hvort við verðum þar áfram að því ári liðnu verður bara að koma í ljós, eftir því hvernig þetta gengur. Maður hugsar fyrst og fremst um að fá vinnu þarna úti og lifa af henni. Ef okkur gengur ekki vel að fá atvinnu eða ef krökkunum líður ekki vel þarna, þá komum við aftur til Íslands. Auðvitað er spurning hvort Ísafjörður yrði þá fyrir valinu. Það vitum við ekki.“

– Þú ert bæði svartskeggjaður og dökkbrýnn og dökkur yfirlitum og skerð þig ekki úr suður á Spáni...

„Þú ert ekki sá fyrsti sem segir þetta við mig. Margir Íslendingar, jafnvel Ísfirðingar, hafa haldið að ég væri útlendingur. Ég er kannski fæddur á vitlausum stað í heiminum. Forlögin ráða þessu öllu!“

Fjölskyldumál og fleira

Eiginkona Össurar er Redy Svandís Valdimarsson frá Suður-Ameríku. Saman eiga þau eitt barn, Valdimar Ísak, sem er nýorðinn átta ára, en síðan á Össur sextán ára dóttur frá fyrra hjónabandi, Valdísi Maríu. Sambandið milli stjúpmæðgnanna hefur verið mjög gott. Össur og móðir Valdísar skildu þegar stúlkan var í frumbernsku og hann tók að sér að ala hana upp. „Það var mjög erfiður tími fyrir mig að ná endum saman og koma dótturinni í pössun svo að ég gæti stundað vinnu. En ég fékk góða aðstoð frá móður minni og eins frá afa og ömmu (Rebekku og Gumma) og þau eiga öll miklar þakkir skildar. Auk þess þurfti ég að viðhalda því að vera frá áfengi og hitta fólk með svipað vandamál og ég. Slík lækning á ofneyslu áfengis tekur alla ævi. Maður verður að vinna úr þeim málum sem upp koma hverju sinni en má ekki salta þau og safna þeim upp þangað til allt springur í loft upp í hausnum á manni.“

Ekki búinn að kaupa bar á Spáni!

Undirritaður heyrði á förnum vegi um daginn, að Össur væri búinn að kaupa bar á Spáni, sem hann ætlaði að reka, og væri slíkt reyndar í frásögur færandi um óvirkan alkóhólista sem vinnur stöðugt að því að halda sér sem lengst frá áfengi. Hann segir að enginn fótur sé fyrir þessu.



Össur ásamt börnum sínum, þeim Valdísi Maríu og Valdimari Ísak.

„Ég hef heyrt margar sögur um okkur frá því að við fengum þennan vinning og margar útgáfur af því, hvað ég ætlaði að gera við peningana. Það vantar svo sem ekki barina þarna í nágrenninu í Torrevieja. Það liggur við að það sé veitingahús á hverju götuhorni. Ég hef ekkert á móti því að annað fólk drekki vín, en ég geri það ekki sjálfur. Mér finnst það nokkuð sérkennilegt, ef ég ætti eftir að lenda í því hlutverki að afgreiða áfengi! Ég er hálfhræddur um að það eigi ekki við mig að vinna á bar. Helst vildi ég komast hjá því. Hins vegar býst ég ekki við því að margir Íslendingar kæmu í heimsókn og gistu hjá okkur, ef það væri ekki stutt á næstu bari!“

Þar kostar álíka klára vínið...

„Við erum vissulega ekki búin að ákveða neitt með atvinnu og vitum ekkert út í hvað við förum að því leyti. Fyrsta málið er að fara út og koma sér fyrir. Redy er spænskumælandi, þannig að hún getur lesið blöðin og leitað að vinnu fyrir okkur. Ég veit að þarna er töluvert atvinnuleysi og kaupið veit ég ekki hvernig er. Ef til vill megum við kalla okkur heppin að fá vinnu við ræstingar, en aftur á móti veit ég ekki hversu lengi maður myndi sætta sig við það. Auðvitað gæti komið til álita að fara út í einhvers konar rekstur. Það má skoða allt. Hins vegar er mjög ódýrt að kaupa mat og aðrar nauðsynjavörur og yfirleitt mjög ódýrt að lifa þarna. Það er líka mjög ódýrt að fara á veitingastaði. Við fórum fjögur á veitingahús í fyrrasumar og fengum þríréttaða máltíð með drykkjum og það kostaði samanlagt innan við sem svarar 2.500 krónum íslenskum. Húsnæði er einnig ódýrt þarna.“

Torrevieja er á Miðjarðarhafsströnd Spánar. Frá Íslandi er beint flug til borgarinnar Alicante en þaðan er um klukkustundar akstur til Torrevieja, sem er 80-90 þúsund manna bær yfir vetrartímann, en yfir sumarið eru þar 200-250 þúsund manns. „Loftslagið þarna úti er ákaflega notalegt og nánast sama veður upp á hvern dag, sólskin og blíða, gott og hlýtt. Þarna sem íbúðirnar okkar eru er umhverfið líka mjög rólegt. En vissulega er ég fæddur og uppalinn Ísfirðingur og kannski á ég eftir að sakna heimabyggðarinnar.“

Með meirapróf og rútupróf upp á vasann

Össur kom fyrir helgina norðan frá Akureyri, þar sem hann var á námskeiði og tók rútupróf, en fyrir var hann með venjulegt meirapróf, sem hann tók nýlega hér á Ísafirði. „Ég ákvað að fara á þessi námskeið vegna þess að þá hef ég kannski meiri möguleika á starfi þarna úti. Það er gott að hafa það í bakhöndinni“, segir hann. „Það má ekki taka rútupróf hér á Ísafirði, vegna þess að hér er hvorki hringtorg né umferðarljós. Það er slæmt mál fyrir okkur hér og slæmt fyrir landsbyggðina yfirleitt, en þetta stendur fast í þessum köllum hjá Umferðarráði. Þetta er mál sem þingmenn ættu að athuga. Mér þætti gaman að vita hvort ekki væri eðlilegt að þeir sem neyðast til að fara annaðhvort til Akureyrar eða Reykjavíkur til að taka rútupróf til viðbótar við venjulegt meirapróf ættu ekki endurkröfurétt vegna ferðakostnaðar, gistingar og annars kostnaðar“, segir Össur.

„Þegar við keyptum íbúðirnar úti í fyrra vorum við jafnvel að hugsa um að koma ekki heim aftur, en hættum við það vegna þess að Valdís átti eftir að ljúka grunnskólanum og líka fékk ég þá tækifæri til að taka meiraprófið og rútuprófið. Við ákváðum því að vera hér heima í vetur.“

Vinningurinn breytti ekki daglegum lífsstíl

VELKOMIN Á ATVINNUVEGASÝNINGU VESTFJARÐA 1998

Verið velkomin á bás okkar á atvinnuvegasýningunni 13. og 14. júní. Missið ekki af þessu tækifæri til að sjá það nýjasta í tölvu- og upplýsingamálum. Við munum kynna ýmislegt markvert, bæði tölvur, hugbúnað og einnig munum við kynna áhugaverða nýjung í Internet-þjónustu okkar auk þess sem ýmis tilboð verða í gangi.

Skipstjórnartölvan!

Við munum m.a. sýna MaxSea skipstjórnarkerfið frá Radíómiðun og gefst þér kostur á að líta á gripinn og spá og spekúlera.

NÝTT

GSM-símar á sýningartilboði - aðeins kr. 9.990,-
Þú þarft ekki suður til að gera góð kaup...

Vissirðu að í Snerpu færðu allt til skrifstofunnar?
Við seljum nú t.d. strokleður, blýanta, heftara, skjalamöppur, stílabækur, reglustikur, fylgiskjalablokkir, skýrslublöð, hlífðarplöst, teikniblokkir, reiknivélapappír, kassastrimlar, posastrimlar, posaprentborðar, áherslutúss, bréfaklemmur, töflutúss, skjalahirslur, faxpappír, skæri og margt fleira. Einnig erum við komin með mikið úrval af alls konar límmiðum t.d. til áprentunar úr tölvu, s.s. merkimiða á geisladiska, ZIP-diska og hvers konar umbúðir og hluti sem þurfa að vera í röð og reglu.

Ertu að spá í kaup á tölvu? Við getum t.d. boðið þér PC-vél með 200 Mhz örgjörva, 32 mb minni, 15“ skjá, 3,2 Gb disk, 24X geisladrifi, 33,6 kbit/s mótaldi, 16 bita hljóðkorti, Windows 95, lyklaborði, mús og hátölurum á aðeins **kr. 91.900.-** Komdu og kynntu þér málið...

SNERPA ehf
MÁNAGATA 6 - ÍSAFJÖRÐUR
SNERPA@SNERPA.IS - 456-5470

Eins og áður sagði er Össur enn á sama gamla bílnum og hefur það vakið athygli margra, sem vita af happdrættisvinningnum. „Ég er nú að spá í að taka hann með mér til Spánar. Ég fæ svo lítið fyrir hann að það borgar sig tæplega að selja hann. En ég tími ekki að kaupa mér nýjan bíl í dag, því að framtíðin er svo óráðin."

– Einhver hefði nú látið það verða sitt fyrsta verk að kaupa nýjan bíl!

„Já, einu sinni var það líka minn draumur að eignast nýjan bíl, en nú lít ég svo á að það sé betra að ávaxta peningana í banka heldur en að kasta þeim í einhverja blikkdós sem rýrnar að verðgildi um kannski hundrað og fimmtíu eða tvö hundruð þúsund á hverju ári, því að afföllin eru svo mikil."

– Þið fóruð ekki að lifa neitt öðruvísi eftir að þið fenguð vinninginn?

„Nei, ekkert hefur breyst nema það eitt, að maður er rólegri en áður. Nú eru ekki neinar fjárhagsáhyggjur lengur. Þær eru að baki í dag, en að öðru leyti er allt eins og það var. Við hjónin erum bæði í vinnu alveg eins og áður. Ég er búinn að vinna í yfir tuttugu ár hjá Íshúsfélaginu."

– Það er gaman að sjá þegar fólk fær svona vinning og breytir ekkert um lífsstíl...

„Já, stundum er ég spurður hvort peningarnir séu búnir. Þetta er sjálfsagt eðlileg forvitni í fólki, en ég er ekkert skyldugur að svara neinum spurningum um fjárhag minn, enda er það mitt einkamál. Hins vegar get ég alveg sagt þeim allra forvitnustu og líka öðrum frá því með góðri samvisku, að peningarnir eru ekki búnir og ég vona að mér takist að geyma þá eitthvað lengur „undir koddanum mínum". Ég hef ekki minnkað við mig vinnu. Ég er verkamaður alveg eins og áður og vinn bara eins og hinir og er ánægður með það. Ég er líka ánægður hvernig Jón Kristmannsson og aðrir yfirmenn mínir hjá Íshúsfélaginu tóku fréttinni af vinningnum. Þeir tóku í hönd-ina á mér og óskuðu mér til hamingu..."

– Og héldu væntanlega að þú myndir hætta á stundinni...

„Ég veit ekki hvað þeir hugsuðu. Ég vildi bara halda áfram í vinnunni minni eins og ekkert hefði breyst og það gerði ég."

Launin hrukku ekki til

Össur segir að áður en hann fékk þann stóra hafi hann verið töluvert skuldugur. „Sjálfur hafði ég ekki miklar áhyggjur af því, fyrr en konan mín sagði mér að drífa í því að útvega mér meiri tekna, vegna þess að launin mín í frystihúsinu dugðu ekki bæði til að borga niður skuldir og sjá jafnframt fyrir fjögurra manna fjölskyldu. Ég talaði við marga til að reyna að fá meiri vinnu. Ég talaði við skipstjóra á skipum hér fyrir vestan, en ekkert gekk, nema hvað einn skipstjóri á línubát frá Flateyri gaf mér tækifæri sem ég nýtti mér ekki. Ég vil samt þakka honum traustið. Reyndar var ég hálffeginn því að fara ekki á sjóinn, vegna þess að ég hef yfirleitt ekki mikinn áhuga á því. Pabbi var sjómaður og fórst við störf sín. Ég á þrjá bræður og þeir stunda allir sjóinn, en ég er sá eini sem er landkrabbi. Reyndar fór ég á sjó með pabba í mánaðartíma eða svo þegar ég var sextán ára og líkaði ágætlega."

Skrifuðust á í tvö ár og giftu sig svo

Eiginkona Össurar, Redy Valdimarsson, er frá höfuðborginni Lima í Perú og þar af leiðandi spænskumælandi, en þau tala alltaf íslensku saman. „Hún var mjög dugleg að læra íslensku, en sjálfur hef ég ekki verið nógu duglegur að læra spænskuna", segir Össur, „en ég tek sénsinn á því að ég geti lært hana!" Redy er leiðsögumaður að mennt frá háskóla í sínu heimalandi. Það voru mikil viðbrigði að fara frá Perú í Suður-Ameríku alla leið til Ísafjarðar, bæði hvað snertir veðurfar og mannfjölda og reyndar flest annað. Hún lætur mjög vel af kynnum sínum af Ísfirðingum og ekki síst vinnufélögum og yfirmönnum þar sem hún hefur starfað hér í bæ, bæði á Fjórðungssjúkrahúsinu og hjá Íshúsfélaginu. „Redy er búin að vera hér á landi í níu ár, og nú er komið að mér líka að prófa að vera einhvers staðar annars staðar en heima hjá mér", segir Össur. Þau Redy kynntust með því að skrifast á í tvö ár, „en síðan skrapp ég út til hennar árið 1989 og við giftum okkur þar og hún kom með mér til baka", segir hann.

Alinn upp í húsinu sem strætó keyrði á

„Ég er borinn og barnfæddur Ísfirðingur", segir Össur, „sonur Valdimars Þórarins Össurarsonar, sem líka var Ísfirðingur að uppruna, og Guðbjartar Ásdísar Guðmundsdóttur, sem ættuð er innan úr Djúpi, dóttir Gumma póstmanns og Rebekku Jónsdóttur."

Össur ólst upp til þrettán ára aldurs í Dokkunni á Ísafirði, sem kölluð var, „í gamla húsinu hans Maggúts sem strætó keyrði á ekki alls fyrir löngu. Þaðan fluttist ég á Bakkana, að Sundstræti 30, og átti þar heima þar til ég flaug úr hreiðrinu um tvítugt í ársbyrjun 1980. Þá fór ég fyrst til Grundarfjarðar. Einmitt það ár varð mikil blóðtaka í föðurætt minni. Hálfum mánuði eftir að ég fór andaðist afi minn og alnafni, Össur P. Valdimarsson, og hálfum mánuði eftir það eða 25. febrúar fórst rækjubáturinn Gullfaxi og með honum faðir minn og Ólafur bróðir hans. Þetta gerðist í aftakaveðri sem skall skyndilega á þennan örlagaríka dag inni í Ísafjarðardjúpi. Mér tókst sjaldan eða aldrei að ná sambandi við föður minn meðan hann lifði. Ég veit ekki af hverju. Hugsanlega gæti skýringin verið að hann vann svo gífurlega mikið, bæði til sjós og lands."

Datt síðast í það 1984

Össur segist aldrei munu gleyma uppruna sínum á Ísafirði. „Þó að nokkrar líkur séu til að ég sé nú að flytjast alfarinn héðan, þá verð ég að koma einhvern tímann aftur og þakka bæjarbúum fyrir að hafa alið mig upp. Ég er þakklátur fyrir að vera eins og ég er í dag. Nú eru fjórtán ár frá því að ég „datt í það", þ.e. notaði og misnotaði áfengi síðast. Ég hef óneitanlega dálitla reynslu af þeim hlutum og búinn að ganga í gegnum ýmislegt. Ég fór í áfengismeðferð í september árið 1984 og hef verið án áfengis og annarra vímuefna síðan. Ég sé ekkert eftir því að hafa öðlast þessa lífsreynslu, úr því að ég hafði það af að komast í gegnum hana. Í dag langar mig ekki til þess að breyta til, vegna þess að ég er ánægður með lífið eins og það er nú. Þegar maður vaknar upp til lífsins á ný, þá sér maður hlutina í allt öðru ljósi en áður. Sem dæmi um það má nefna ríginn sem var á milli Ísfirðinga og Bolvíkinga þegar ég var ungur, þessi árátta að vera með sífelld illindi þar á milli. Það var allt vitlaust á böllum, menn slógust í illu og ég slóst við hvern sem var, jafnvel þótt ég hefði ekki roð í hann, bara ef hann var úr Bolungarvík. Þá réðst ég á hann. En í dag er ég algerlega sáttur við Bolvíkinga", segir Össur.

Hús Össurar og fjölskyldu á Spáni.

„Svo reynir maður bara að halda sama striki þó að við förum héðan. Maður reynir bara að standa sig einn dag í einu eins og áður. Ég geri það með því að halda áfram að hitta fólk sem hefur sömu reynslu og ég. Það er minn styrkur."

Verkfallið var vitleysa

En það er ekki bara við Bolvíkinga sem Össur hefur átt í erjum. Skemmst er að minnast verkfallsins hér fyrir vestan ekki alls fyrir löngu, en þar var hann framarlega í flokki verkfallsvarða. „Verkfallið í fyrra var vitleysa frá upphafi til enda", segir hann. „Ég læt ekki bjóða mér þetta aftur en hins vegar geta þeir á Spáni eða í Frakklandi notið krafta minna í svona baráttumálum. Það er engin spurning. Ég bið þá fyrirgefningar sem ég átti í höggi við í verkfallinu í fyrra, atvinnurekendur og lögregluyfirvöld. Ólafur Helgi Kjartansson og hans menn í lögreglunni á Ísafirði taka það til sín sem við á."

Kveikti í buxunum

Og Össur man líka sitthvað fleira frá gamalli tíð en erjur við Bolvíkinga. Hann segist hafa verið dálítill prakkari í uppvextinum. „Ég var nýkominn heim til afa og ömmu þegar mér datt allt í einu í hug að ylja mér svolítið. Ég fann eldspýtnastokk sem geymdur var uppi á hillu sem var töluvert hátt uppi og þurfti ákveðna tækni til að ná honum þaðan. Ég sá djasskoti flottar buxur á stól ásamt fleiru inni í herbergi og ég þurfti endilega að athuga hvort það logaði ekki vel í þeim. Og viti menn! Það logaði bara helvíti vel í buxunum og það myndaðist töluverður reykur í herberginu. Stuttu seinna kom afi og slökkti eldinn þannig að hann náði ekki að breiðast út. Ég vissi ekki að Dúddi frændi ætlaði á ball um kvöldið í þessum buxum. Það varð allt vitlaust á heimilinu, en ég held nú að Dúddi hafi farið á ballið samt. Hvort hann fór buxnalaus skal ég ekki segja."

Gestapóaðferðir á Ísafirði

Á ungum aldri stóð Össur að stofnun leynifélags á Ísafirði, „sem í voru Ólafur Már Guðmundsson, Ómar Reynis (Torfa), Jón Steinar Ragnarsson, Þorsteinn Einarsson og fleiri. Það var mikið gaman og mikið grín. Síðan var það stríðið sem var á milli Efribæjar og Neðribæjar. Það voru fleiri liðsmenn í Efribæjarliðinu en hjá því neðra. Strákarnir voru yfirleitt vel vopnum búnir, sumir komu með öflugar svipur og sverð og skildi og tóku þessa stríðsleiki mjög alvarlega. Ég veit ekki hvernig þessu er háttað í dag. Kannski er þessi siður dottinn niður. Ég vil taka skýrt fram að ég var alltaf í liði Neðribæinga. Sumir strákanna úr Neðribænum tóku þetta svo bókstaflega að þeir handsömuðu nokkra stráka úr Efribænum, bundu á þeim hendur og fætur og festu þá síðan við staura uppi í hjalli sem var niðri í Dokku en nú er búið að rífa. Einnig voru þeir píndir til frásagna. Það var hreinlega eins og Gestapo væri komin til Ísafjarðar, slík var heiftin og aðfarimar. Ég tek það skýrt fram, að ég kom hvergi nálægt slíkum aðförum og var fljótur að stoppa þá ef eitthvað slíkt kom upp hjá þeim þegar ég var nærstaddur."

Nú er Dokkan horfin og Neðribæjarpúkarnir væntanlega hættir að pína Efribæjarpúkana til sagna. Og Össur er á förum frá hinum fornu vígstöðvum. „Við ætlum samt ekki að selja íbúðina okkar hérna að sinni. Kannski komum við aftur. Kannski getum við jafnvel notað hana sem sumarbústað!"

Ísafjarðarbær eitt og tvö á Spáni

Hann tekur fram að fólk héðan að heiman sé vissulega velkomið í heimsókn úti í Torrevieja. „Undanfarið hef ég verið að safna að okkur alls konar hlutum til að hafa með út til að geta merkt þessar íbúðir, svo að öllum megi vera ljóst að þarna sé fólk frá Íslandi og jafnvel frá Ísafirði. Við erum búin að ákveða nafn á íbúðunum, þær eiga að heita Ísafjarðarbær 1 og 2", segir Össur. „Ýmsir vinnufélagar og aðrir hafa verið að segja við mig: Fáum við ekki að gista hjá þér frítt? Og þá svara ég: Þið fáið vissulega að gista, en þið fáið líka að borga tvöfalt!"

Nóg að gera næsta mánuðinn

„Þeir sem hafa áhuga á að koma út og heimsækja okkur geta haft samband við mömmu (Ásdísi) í síma 456 5905 eða 456 4805 eða í vinnusíma 456 4900 og fengið upplýsingar. Það verður mikið að gera hjá okkur síðasta mánuðinn hér, að taka saman dótið og setja í gám og sitthvað fleira. Fyrir mína hönd og fjölskyldunnar þakka ég fyrir samveruna gegnum tíðina", segir Össur Valdimarsson, en flugfarið út fyrir fjölskylduna er bókað seinni partinn í næsta mánuði.

– Hlynur Þór Magnússon.

Össur ásamt börnum sínum við „gamla Grána".

Frá stjórn Boltafélags Ísafjarðar vegna greinar Heiðars Birnis Torleifs í síðasta tölublaði BB

Reiðilestur leiðréttur

Heiðar hefur um nokkurt skeið ásamt mörgum öðrum, þjálfað yngri flokka Boltafélags Ísafjarðar, og voru störf hans fyrir félagið með miklum ágætum og frammistaða hans eins og við mátti búast miðað við aldur og það að um enga reynslu né menntun á þessu sviði var að ræða.

Fullur vilji var því innan félagsins að halda Heiðari áfram sem þjálfara,og var honum því boðið að sækja þjálfaranámskeið á vegum KSÍ, og urðu þau tvö þegar upp var staðið,félagið bar allan kostnað af þessu bæði ferðir og önnur gjöld,og mætti því ætla að hann teldi sig þokkalega alinn hjá félaginu. Fer uppúr þessu að bera á því að hann hafi mun betri þekkingu og skilning (að eigin áliti) á öllum hlutum bæði til lands og sjávar og greinir td. vanda knattspyrnunnar á Ísafirði allt aftur til síðustu aldamóta í einni sviphendingu og er það mjög hraustlega gert á ekki lengri tíma (sjá grein Heiðars).

Starfslok

Ekki verður farið hér út í frekari útskýringar á starfslokum Heiðars hjá félaginu, en sakir þeirra gífuryrða er hann lætur falla um forsvarsmenn BÍ-88 skal eftirfarandi tekið fram, marg oft var fundið að störfum Heiðars hjá félaginu og reynt með góðu að koma málum í rétt horf og gekk það misvel. Dró því hægt en örugglega að starfslokum hans hjá félaginu. Var allt gert til að þau mættu vera honum til sóma og án sársauka, og fékk hann þá fullar skýringar á stöðu mála.

Störf stjórnar BÍ-88

Hvað varðar fullyrðingar Heiðars um ósætti innan félagsins er það að segja að sorglegt er að nokkur skuli í stundarbræði grípa til slíkra ósanninda er koma fram í grein hans og er því öllu vísað á bug, þau dæma sig sjálf.

Um störf stjórnar er það að segja að þetta mál sem og önnur eru unnin í fullu samkomulagi allra stjórnarmanna og yfirþjálfarans Zeljko Sankovic, allt tal Heiðars um ósætti er þvílíkur tilbúningur að furðu sætir og greinilega til þess eins ætlaður að skaða félagið.

Starfsemi BÍ-88

Hvað varðar BÍ-88 skal upplýst að um 200 til 250 börn og unglingar æfa um þessar mundir hjá félaginu,undir handleiðslu þjálfara sem hafa sérstaklega menntað sig til þeirra starfa eða eru að nema slík fræði, að öðrum ólöstuðum skal fremstan nefna yfirþjálfara BÍ-88 Zeljko Sankovic en hann hefur m.a háskólapróf í þessum fræðum frá heimalandi sínu auk gríðarlegrar reynslu við þjálfun m.a. í Júgóslavíu og á Kýpur.

Staða félagsins um þessar mundir

Þrátt fyrir ýmsar blikur á lofti hvað varðar íþróttaaðstöðu á Ísafirði í dag , vegna fyrirhugaðra skólaframkvæmda blómstrar starfsemi félagsins um þessar mundir og er þar góðum skilningi bæjaryfirvalda ekki síst að þakka og hefur íþróttafulltrúi bæjarins Björn Helgason reynst félaginu afar vel en mátt sitja undir afar ósmekklegum athugasemdum í áðurnefndri grein Heiðars.

Gaman í sumar

Allir eldri flokkar BÍ-88 taka þátt í Íslandsmótum í sumar auk annarra stakra móta, yngstu flokkarnir munu sækja Króksmótið á Sauðárkróki auk þess sem ferðast verður milli nágrannabæja okkar og spilað við heimaliðin.

Með kveðju og von um gott og skemmtilegt fótboltasumar

Stjórn Boltafélags Ísafjarðar
Sigríður Jörundsdóttir, ritari
Elfa Jóhannsdóttir, meðstjórnandi
Soffía Þóra Einarsdóttir, meðstjórnandi
Hermann Óskarsson, gjaldkeri
Kristján Pálsson, formaður
Zeljko Sankovic, yfirþjálfari.

Yfirlýsing

Vegna greinar Heiðars Torleifssonar í síðasta tbl. Bæjarins Besta skal eftirfarandi tekið fram, samstarf okkar er og hefur verið með miklum ágætum og ekki sjáanleg merki um annað.

Allt tal Heiðars um að undirrituð hafi unnið gegn honum er uppspuni frá rótum og hugarfóstur greinarhöfundar, aðrar dylgjur og rógburður er koma fram í greininni dæma sig sjálf og eru greinarhöfundi til skammar.

Björn Helgason, íþróttafulltrúi Ísafjarðarbæjar, Leifur Halldórsson, umsjónarmaður íþróttahússins Torfnesi, Guðjón Þorsteinsson Körfuknattleiksfélagi Ísafjarðar Zeljko Sankovic,yfirþjálfari Boltafélags Ísafjarðar, Sigríður Jörundsdóttir, ritari BÍ-88, Elfa Jóhannsdóttir, meðstjórnandi BÍ-88, Soffía Þóra Einarsdóttir, meðstjórnandi BÍ-88, Hermann Óskarsson,gjaldkeri BÍ-88, Kristján Pálsson, formaður BÍ-88

ÍSAFJARÐARBÆR

ÍÞRÓTTA- OG LEIKJANÁMSKEIÐ

Íþrótta- og leikjanámskeið verða haldin á Torfnesi og öðrum íþróttamannvirkjum á Ísafirði í júní, júlí og ágúst 1998.

Námskeiðin standa í 5 og 10 daga hvert og eru ætluð fyrir börn á aldrinum 6-12 ára. Verð er kr. 2.000 fyrir 10 daga námskeið og kr. 1.000 fyrir 5 daga námskeið (fyrir eða eftir hádegi).

1. námskeið verður 15.-27. júní.
2. námskeið verður 29. júní - 10. júlí.
3. námskeið verður 13.-17. júlí.
4. námskeið verður 10.-21. ágúst.

Á þessum námskeiðum sem íþróttakennarinn Kolfinna Ýr Ingólfsdóttir stjórnar, verða fjölbreytt viðfangsefni fyrir börnin, svo sem frjálsar íþróttir, boltaleikir inni og úti, sund, golf, göngu- og hjólaferðir ásamt ýmsum öðrum uppákomum.

Innritun á námskeiðin verða hjá Kolfinnu í síma 456 3761 frá kl. 11-15 og hjá íþróttafulltrúa á skrifstofutíma.

Íþrótta- og æskulýðsráð fræðslunefndar.

Ísafjarðarbær

Umferðaröryggisfulltrúi tekur til starfa

Júlíus Ólafsson hefur verið ráðinn umferðaröryggisfulltrúi Slysavarnafélags Íslands og Umferðarráðs á Vestfjörðum.

Starf Júlíusar, sem hefur aðstöðu að Aðalstræti 24 á Ísafirði er m.a. að stuðla að fækkun umferðarslysa og bættri umferðarmenningu á svæðinu auk þess sem honum ber að virkja fyrirtæki,stofnanir, félagasamtök og áhugafólk sem vill leggja öryggismálum lið.

Þá skal umferðaröryggisfulltrúi leggja áherslu á að virkja svæðisfjölmiðla og hvetja til greinarskrifa og umfjöllunar um umferðaröryggismál í þeim.

Júlíus Ólafsson.

Sjómannadagur!

Sjómannadagurinn var haldinn hátíðlegur á sunnudaginn. Jafnframt var því fagnað að nú eru liðinn 60 ár frá því sjómannadagurinn varð til sem sérstakur hátíðisdagur. Íslendingar eiga afkomu sína undir sjósókn. Nærri þrír fjórðu hlutar útflutningsverðmætis Íslendinga eru komnir frá sjávarafurðum. Auk þess á þjóðin mikið undir siglingum kaupskipaflotans. Utanríkisviðskipti eru svo ríkur þáttur í velmegun þjóðarinnar, að án sjósóknar fengi hún vart þrifist.

Saga þjóðarinnar í þessu ágæta landi alveg frá landnámsöld sýnir glöggt, að siglingar kaupskipa voru undirstaða byggðar. Án verslunar og viðskipta við útlönd var líf þjóðarinnar aumt. Enda fór það svo að Íslendingar glötuðu sjálfstæði sínu vegna máttleysis til að halda uppi siglingum. Fleira kom til. Þjóðveldið skorti framkvæmdavald, en loforð Noregskonungs um siglingar var ein ríkasta ástæða þeirrar ákvörðunar að gangast honum á hönd.

Það er svo önnur saga hvernig Noregskonungur efndi loforð sín um að halda uppi siglingum. En fleira hafði áhrif. Lengi vel stunduðu Íslendingar varla fiskveiðar sem atvinnuveg. Það kom í hlut Þjóðverja, Englendinga og Hollendinga, svo þeir helstu séu taldir, að veiða fisk á Íslandsmiðum. Auðvitað veiddu Íslendingar þorsk, en ekki í þeim mæli, sem framantaldar þjóðir gerðu. Þær áttu stærri skip. Þessar fiskveiðiþjóðir komu, veiddu, nýttu auðlindina og áttu einnig í viðskiptum við Íslendinga. Telja verður að þau viðskipti hafi gagnast báðum. En þjóðin átti ekki skip og ekki sjómenn sem gátu stýrt þeim.

Hún bjó við landbúnað og mjög staðnaða þjóðfélagsgerð. Það var í lagi að senda vinnumenn bænda í verið, rétt eins og hverja aðra þræla. En enginn metnaður var í þá átt að nýta sjóinn þjóðinni allri til hagsbóta.

Framfarasókn

Í þesssum efnum sem öðrum áttu Vestfirðingar frumkvæði. Sá frægi klerkur og prófastur, séra Páll Björnsson í Selárdal lét smíða skútu um 1660 og hélt henni til veiða sjálfur. Það þótti í frásögur færandi að hann fiskaði iðuglega vel þegar lítill afli fékkst á róðrabáta. Kjarni málsins var sá að nýta tæknina. Viðlíka skip hafði þá ekki verið til frá því í tíð Guðbrands Hólabiskups, um 1580 eða heilum 80 árum fyrr. En Páll var sagður lærður í sjómannafræðum.

Vestfirðingar stofnuðu sjómannaskóla á Ísafirði 1852. Málið hafði verið rætt á Kollabúðafundi og þilskipaeigendur komu honum á fót. Nemendur voru 6. Framfarasóknin var ótvíræð og nauðsynin mikil. Vestfirðingar hafa reynar verið og eru enn einhverjir albestu sjómenn Íslendinga. Það er einkar eftirtektarvert þegar sagan er skoðuð, að Ísfirðingar létu ekki draga úr sér kjarkinn þó undirtektir þilskipaeigenda úr öðrum landsfjórðungum væru daufar.

Vestfirðingar gerðu sér líka góða grein fyrir því hversu mikilvægt var að þurfa ekki að sæta ágangi erlendra þjóða við fiskveiðar við landið. Þeir áttu líka forskot á 8. áratugnum þegar togaraflotinn var endurnýjaður og skipt yfir í skuttogara.

Nútíminn

Framsýni Torfa Halldórssonar var mikil er hann fór til náms í sjómannaskóla erlendis. Það er reyndar athyglisvert, að sjómannaskólar komu næst á eftir presta- og læknaskólum á Íslandi. En ýmislegt hefur breyst. Vestfirðingum hefur fækkað og upp hefur verið tekið kvótakerfi. Með sama hætti og þjóðinni var alger nauðsyn um og upp úr miðri þessari öld að fá full yfirráð fiskimiðanna við Ísland er brýnt að nýta fiskistofnana nú af mikilli skynsemi.

Kvótakerfið þarf ekki að vera bölvaldurinn. Fjárfestingar í í tækjum og kvóta ráða miklu um hvernig til tekst. Samherji hefði ekki keypt Hrönn, sem gerði út Guðbjörgu ÍS, nema af því að hún var til sölu. Skipið er farið með kvótanum. En það er athyglisvert, að stjórnarformaður Samherja hefur verið þangað til í fyrradag, Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri á Akureyri og fyrrum bæjarstjóri á Ísafirði.

Eigendur fiskiskipa, útgerðarmenn hafa oft áður selt skip og hagnast á þeim og þurfti ekki kvóta til. Nú hefur verðmæti fiskiskipa færst á kvótann, það er að segja það magn af fiski sem viðkomandi skipi er leyft að veiða. En vegna núverandi kerfis, sem gerir ráð fyrir að kvóti fylgi skipi, einblína allir á kvótann einan sér. Það er eðlilegt. Óveiddur fiskur í sjó hefur alltaf verið verðmæti. En um leið er það svo, að hann hefur ekki þar til kvótakerfið komst á verið verðlagður einn og sér.

Vegna sölu Guðbjargar til Samherja á sínum tíma var sú skoðun sett fram hér, að óviðeigandi væri að bæjarstjóri á Ísafirði væri jafnframt stjórnarformaður fyrirtækis sem keypti aflaheimildir burt úr bænum. Hagsmunir hlutu að skarast. Enda fór svo að stjórnarformaðurinn fylgdi kvótanum til Akureyrar. Sjálfsagt telja margir það eðlilegasta hlut í heimi. En hvers vegna þarf bæjarstjórinn á Akureyri að víkja sem stjórnarformaður útgerðarfyrirtækis á Akureyri, en ekki bæjarstjóri á Ísafirði sem er stjórnarformaður fyrirtækis sem flytur aflaheimildirnar ú sveitarfélaginu?

Á ekki hjarta bæjarstjóra að slá í takt við hjörtu annarra bæjarbúa? Sjómenn verða áfram sem fyrr þessari þjóð lífsnauðsyn, sama hvað pólitískum deilum líður. Sjómannadagurinn er nauðsyn.

Stakkur.

Fjölmenni fylgdist með hátíðarhöldum sjómanndagsins í Bolungarvík.

Góð þátttaka í hátíðarhöldum sjómannadagsins á Vestfjörðum

Dagur sjómannsins í máli og myndum

Góð þátttaka var í hátíðarhöldum sjómannadagsins í flestum byggðum Vestfjarða enda var veður víða eins og best verður á kosið. Á Ísafirði hófst dagskrá hátíðarhaldanna á laugardag með því að landkröbbum var boðið í siglingu um Ísafjarðardjúp. Síðan fór fram keppni í kappróðri, veiðarfæravinnu, reipitogi, koddaslag og fleiri atriðum. Ræðumaður dagsins á Ísafirði var Einar Oddur Kristjánsson, alþingismaður. Á sunnudag hófst dagskráin með messu í Hnífsdalskapellu og Ísafjarðarkirkju og heiðrun sjómanna auk þess sem blómsveigur var lagður að minnisvarða drukknaðra sjómanna. Um miðjan dag fór síðan fram björgunaræfing á Pollinum.

Í Bolungarvík hófust hátíðarhöldin með því að gengið var frá brimbrjót til kirkju og hlýtt á messu. Þá voru aldraðir sjómenn heiðraðir og blómsveigur var lagður að minnisvarða um drukknaða sjómenn. Skemmtidagskrá hófst við höfnina eftir hádegi og tók fjölmenni þátt í þeim enda veður eins og best verður á kosið. Kvennadeild Slysavarnafélagsins var síðan með kaffisölu um miðjan dag.

Súðvíkingar fóru í siglingu um Ísafjarðardjúp á laugardag og á sunnudag hófust hátíðarhöldin við höfnina. Frá höfninni var síðan haldið að skólalóð þar sem skemmtidagskrá fór fram. Á Flateyri hófust hátíðarhöldin á laugardag með ýmsum leikjum og þrautum á íþróttavelli. Þá fór fram keppni í hefðbundnum sundgreindum í sundlauginni og var meðal ananrs leikinn einþáttungur. Á sunnudag hófust hátíðarhöldin með siglingu og síðan var farið í skrúðgöngu frá höfninni að kirkju þar sem hlýtt var á messu. Að henni lokinni var lagður blómsveigur að minnisvarða um þá sem létust í snjóflóðinu og á leiði óþekkta sjómannsins. Þá fór fram keppni í hinum ýmsu greinum á hafnarsvæðinu.

Á Þingeyri hófst hátíðarhöldin með siglingu á laugardag, fótboltakeppni milli landmanna og sjómanna og marhnútaveiðikeppni. Á sunnudag var fánahylling við flotbryggju og síðan hófst dagskrá við höfnina. Á Suðureyri hófst dagskráin kl. 10 á sunnudagsmorgun með hópsiglingu smábáta og eftir hádegi hófst dagskrá með hefðbundnu sniði við smábátahöfnina.

Þessi tvö tókust vel á í belgjaslagnum í Bolungarvík.

Og hér er sú sem féll í sjóinn, blaut og köld.

Frá keppni í kassahlaupi við höfnina á Ísafirði.

Lagt upp í siglingu með Stefni frá Ísafirði.

Frá keppni í stakkasundi í Bolungarvík.

FLUGKORT

FÍNN KOSTUR Á FERDALÖGUM

Allt að 35% afsláttur til Flugkortshafa

Með Flugkortinu má greiða flugfarseðla með Flugfélagi Íslands, bílaleigubíl, hótelgistingu, mat á veitingastöðum og ýmsa aðra þjónustu hjá völdum fyrirtækjum í samstarfi við Flugkortið. Notkun kortsins hefur einnig í för með sér ýmsa sérþjónustu og fríðindi ásamt því hagræði sem fylgir sundurliðuðu reikningsyfirliti sem Flugkortshafa er sent mánaðarlega.

Umtalsverður sparnaður

Viðskipti með Flugkorti hafa í för með sér allt að 35% afslátt af viðskiptum við Flugfélag Íslands og Flugkortshöfum eru ætið tryggð betri kjör hjá samstarfsaðilunum en annars staðar, séu gæðin lögð til grundvallar.

Fáið upplýsingar um Flugkortið í síma 570 3600 eða 570 3606.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Air Iceland

KAUP & SALA

ÓKEYPIS SMÁAUGLÝSINGAR

Til leigu er 3ja herb. íbúð að Urðarvegi 78. Leigist í 3-5 mánuði. Uppl. í síma 456 4244 eftir kl. 18.

Halló! Ég heiti Neda og mig langar til að **passa börn** á aldrinum 3-5 ára. Ég er 10 ára og er í síma 456 5327.

Óska eftir 3-4ra herb. í búð til leigu frá 1. ágúst. Helst á Eyrinni eða næsta nágrenni. Skilvísum greiðslum og góðri umgengni heitið. Uppl. í síma 456 7262 eftir kl. 19.

Til sölu er nýleg **Simo kerra.** Uppl. í síma 456 3596.

Óska eftir **húsgögnum** fyrir lítinn pening eða gefins s.s. sófasetti, borði, ísskáp, rúmi, eldhúsborði, stólum, pottum, pönnu, þvottavél og diskum eða öllu sem tilheyrir innbúi. Uppl. í síma 456 6227.

Tilboð óskast í húseignina að Hjallavegi 4 á Ísafirði. Gott hús á góðum stað. Mjög gott útsýni. Uppl. gefa Þorgerður eða Guðmundur í síma 456 3107.

Til leigu er 3ja herb. íbúð á Ísafirði. Uppl. í síma 564 5045.

Mæður og feður athugið! Ég er 14 ára stelpa sem vantar barn/börn til að passa í sumar. Get passað alla daga vikunnar og á kvöldin. Vil passa börn á aldrinum 0-3 ára. Síminn er 456 4494.

Efnilegur húsbíll! Til sölu er Benz sendibíll árg. 87, dísel, sem er mjög efnilegt eintak í húsbíl fyrir þann sem vill smíða sjálfur og hefur meiri tíma en peninga. Gott ,,kram" en boddý þarf að snyrta. Uppl. gefa Jón í síma 896 3387, Óskar í síma 893 8865 eða í síma 456 3092.

Óska eftir vel með farinni **skellinöðru** í góðu standi. Uppl. í síma 456 8353.

Til sölu er 180 m² raðhús ásamt bílskúr að Hlíðarvegi 43. Góð eign á góðu verði. Uppl. gefur Hermann í vs. 456 4594 eða hs. 456 3179.

Leiguskipti. Er með 4ra herb. 105m² íbúð í Hraunbænum í Reykjavík í skiptum sambærilega íbúð á Ísafirði, helst á Eyrinni. Uppl. í síma 587 5164.

Skotfélagsmenn! Æfingasvæðið verður opið sunnudaginn 14. júní kl. 11-14.

Aðalfundur Skíðafélags Ísafjarðar verður haldinn í Skíðaskálanum í Tungudal í kvöld kl. 20:30. Stjórnin.

Stórt og gott raðhús er **til leigu** á Ísafirði. Uppl. í síma 567 8121.

Skotíþróttafélag Ísafjarðarbæjar boðar til auka **aðalfundar** 25. júní kl. 20 í húsnæði Landssímans við Sindragötu 12. Fundarefni: Kosning í stjórn og lagabreytingar. Stjórnin.

Til leigu er 3ja herb. íbúð að Stórholti 7. Laus strax. Uppl. í síma 564 5045.

Til sölu er talsvert magn af Hansa hillum, handlaug á fæti og tvö kvenreiðhjól. Fæst fyrir lítinn pening. Uppl. í síma 456 3834.

Til sölu er **Kirkjubær** (Þurríðarbraut 5) í Bolungarvík, Cherokee árg. 85, Willy´s árg. 82 og lítill gúmmíbátur. Uppl. í símum 456 7577 og 899 0736.

Hjartasjúklingar á Vestfjörðum. Aðalfundurinn er á sunnudaginn kemur kl. 14 í Kiwanishúsinu á Skeiði á Ísafirði. Fjölmennum. Kaffi á könnunni.

Silfurlitað nisti **tapaðist** sl. laugardag nærri Samkaup. Skammstöfunin BFÞ er á nistinu. Finnandi vinsanlegast beðinn að hringja í síma 456 5069.

Gullkeðja (hálsmen) sem er eiganda sínum mjög mikils virði tapaðist sl., föstudagskvöld, líklegast á Eyrinni. Finnandi hringi í síma 456 4361.

Til sölu er **einbýlishús** á Suðureyri. Húsið er mikið endurnýjað, með rafmagnskyndingu og litlu áhvílandi. Uppl. í síma 421 6350.

Óska eftir kojum og sláttuvél, ódýrt eða gefins. Uppl. í símum 456 3905 eða 456 3095.

Er ekki einhver sem vill losna við gamalt sófasett, ísskáp, eldhúsborð og stóla, þvottavél eða fleira innbú, helst gefins. Ef svo er þá vinsamlegast hringið í síma 894 7016.

Óska eftir stelpu til að **passa** 4 og 6 ára stelpur í viku um eftirmiðdaginn. Uppl. í síma 456 3905.

Óska eftir **skellinöðru** á verðbilinu 50-150 þúsund krónur. Uppl. í síma 456 7604.

Fundist hefur rauð s**pjaldabók** (dagbók) að Álftamýri í Arnarfirði. Eigandi getur haft samband í síma 456 8118 eða 456 8190.

Gleraugu **töpuðust** á Ísafirði um miðjan maí. Gleraugun eru með grænum spöngum og í grágrænu hulstri. Á sama stað er óskað eftir notuðu sjónvarpi. Uppl. gefur Jón í síma 456 8229.

Til sölu er húsið að Hlíðarvegi 14 á Ísafirði. Um er að ræða einbýlishús á tveimur hæðum ásamt óinnréttuðu risi. Gott hús á góðum stað. Uppl. gefa Doddi eða Pálína í síma 456 4125.

Til sölu er **2ja herb. íbúð** á 3. hæð að Túngötu 18 á Ísafirði. Skemmtileg íbúð í góðu standi í góðu húsi. Tilboð óskast. Uppl. í síma 456 3048 og 456 5135 eftir kl. 17.

Átján ára stúlka óskar eftir **aukavinnu**. Uppl. í símum 456 4669 og 456 4323.

Til sölu eða leigu er 3ja herb. íbúð í Stórholti. Verð kr. 5,8 mkr. Íbúðin er laus. Uppl. í síma 456 4727.

Handbolti! Fundur um málefni handboltans í vetur verður haldinn í Sjallanum, fimmtudaginn 10. júní kl. 10. Núverandi og tilvonandi leikmenn eru hvattir til að fjölmenna sem og aðrir velunnarar handboltans.

Barnapía óskast tímabundið í sumar fyrir eins árs strák. Er á Hlíðarvegi. Uppl. í síma 456 3693.

21 árs gömul stúlka óskar eftir **vinnu**. Allt kemur til greina. Upplýsingar í síma 456 4601.

Horfur á fimmtudag og föstudag:
Fremur hæg vestlæg eða breytileg átt og víða bjart veður, einkum austan til. Hiti 5-15 stig.

Horfur á laugardag:
Hæg breytileg átt eða austlæg átt. Úrkomulítið. Hiti 5-15 stig.

Á sunnudag:
Hæg norðlæg átt og þurrt að mestu. Hiti 5-15 stig.

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Framkvæmdastjóri

Starf framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga er laust til umsóknar. Að Fjórðungssambandinu standa öll sveitarfélög í Vestfjarðakjördæmi og er megin markmið þess að vinna að hagsmunum þeirra. Skrifstofa sambandsins er í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði.

Æskilegt er að væntanlegur framkvæmdastjóri geti hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar veitir Pétur H.R. Sigurðsson stjórnarformaður, í síma 456 4368 eða 897 6768 og Halldór Halldórsson framkvæmdastjóri í síma 456 3170 eða 896 2890. Umsóknir skulu póstleggjast og berast stjórnarformanni á skrifstofu Fjórðungssambandsins Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði, eigi síðar en 22. júní nk.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga.

PÓLLINN HF.

Sölustjóri / sölumaður

Sérhæfð raftækja- og rafbúnaðarverslun á Ísafirði óskar eftir að ráða sölustjóra eða sölumann, til alhliða sölu og verslunarstarfa.

Æskileg er sölumannsmenntun og/eða rafvirkjun, eða starfsreynsla í sambærilegu starfi.

Allar upplýsingar gefa Hermann eða Sævar í síma 456 3092.

Afmæli

70 ára

Kristín Ólafsdóttir.

Kristín Ólafsdóttir verður sjötug miðvikudaginn 10. júní.

Hún tekur á móti gestum laugardaginn 13. júní frá kl. 16-20 í Sigurðarbúð.

Afgreiðslustarf

Starfsmaður óskast til afgreiðslustarfa.

Upplýsingar gefa Rósa eða María.

Gamla bakaríið.

Sýslumaðurinn á Ísafirði

Laust starf

Starfsmaður óskast til að þrífa lögreglustöðina á Ísafirði. Starfið felst í að skúra gólf þar sex daga í viku ásamt því að þurrka og þrífa annað það sem tilheyrir daglegri ræstingu. Laun eru greidd samkvæmt uppmælingu.

Umsóknarfrestur er til 21. júní 1998. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 13. júlí 1998.

Upplýsingar veitir yfirlögregluþjónn í síma 456 4100 og ber að skila umsóknum til hans.

Ísafirði, 8. júní 1998,
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Ólafur Helgi Kjartansson.

HELGAR sjónvarpið

FIMMTUDAGUR

13.00 Júlíveislan (e)
14.50 Ein á báti (1:22) (e)
15.35 DAEWOO Mótorsport
16.00 Eruð þið myrkfælin?
16.25 Snar og Snöggur
16.45 Simmi og Sammi
17.10 Eðlukrílin
17.20 Bangsi litli
17.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
17.45 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Nágrannar
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.05 Gæludýr í Hollywood (1:10)
20.40 Systurnar (27:28)
21.35 Ráðgátur (13:22)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 New York löggur (6:22)
23.35 Júlíveislan (e)
01.30 Í innsta hring (e)
02.55 Dagskrárlok

FÖSTUDAGUR

13.00 New York löggur (6:22)
13.50 Læknalíf (9:14) (e)
14.45 Punktur.is (2:10) (e)
15.10 NBA tilþrif
15.35 Andrés önd og Mikki mús
16.00 Töfravagninn
16.25 Snar og Snöggur
16.45 Skot og mark
17.10 Glæstar vonir
17.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
17.45 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 60 mínútur (e)
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.05 Hættulegt hugarfar (14:17)
20.55 Leyndarmál Roan Inish
22.50 Plágan
00.20 Einkaspæjarinn (e)
(Devil In A Blue Dress)
02.00 Svipul sæmd (e)
(Fat City)
03.35 Dagskrárlok

LAUGARDAGUR

09.00 Eðlukrílin
09.10 Smásögur
09.20 Bangsar og bananar
09.25 Sögur úr Broca stræti
09.40 Bíbí og félagar
10.40 Heljarslóð
11.05 Ævintýri á eyðieyju
11.35 Úrvalsdeildin
12.00 Sjónvarpsmarkaður
12.15 NBA molar
12.40 Hver lífsins þraut (2:6) (e)
13.10 Sagan af Qiu Ju (e)
14.50 Andrés önd og Mikki mús
15.15 Með Mikey (e)
16.45 Tóm steypa (1:2)(e)
(A Mugs Game)
18.30 Glæstar vonir
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.00 Simpson-fjölskyldan (17:24)
20.30 Bræðrabönd (8:22)
21.00 Nílargimsteinninn
22.50 Stúlkurnar heima
(Beautiful Girls)
Bráðfyndin mynd um ungt fólk sem myndar vináttusambönd og fullorðnast. Willie er að fara að ganga í það heilaga en heimsækir fyrst gamla bæinn sinn til að átta sig á hlutunum. Hann vill fá að hugsa málið í einrúmi og friði. Í bænum hefur fátt breyst og vinirnir eru ennþá við sama heygarðshornið.
00.40 Villiblóm (e)
02.35 Eftirförin (e)
(The Chase)
04.45 Dagskrárlok

SUNNUDAGUR

09.00 Sesam opnist þú
09.25 Mási makalausi
09.45 Svalur og Valur
10.10 Andinn í flöskunni
10.35 Náttúran sér um sína (e)
11.00 Madison (37:39) (e)
11.25 Húsið á sléttunni (4:22)
12.10 Lois og Clark (3:22) (e)
12.55 Dúmbó-ástlunin (e)
14.40 Gillette sportpakkinn
15.05 Liðsauki af himnum (e)
16.55 Tóm steypa (2:2) (e)
18.35 Glæstar vonir
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.05 Ástir og átök (14:22)
20.35 Rýnirinn (3:23)
(The Critic)
21.00 Móðureðli
(Mother's Instinct)
Í þessari mynd er spilað á alla strengi tilfinninganna. Holly Wade er hugguleg kona sem á dóttur af fyrra hjónabandi. Hún kynnist skemmtilegum og hlýjum manni sem á tvo syni. Með þeim takast ástir og fljótlega ganga þau að eiga hvort annað. Þegar Holly fer að skyggnast nánar inn í líf eiginmannsins kemst hún að því að hann á mjög óvenjulega fortíð.
22.30 60 mínútur
23.20 Dagur friðþægingar (e)
Maurice virðist hafa atvinnu af kynningarmálum og fjármögnun en fljótlega kemur á daginn að hann lifir á peningaþvætti og dópsölu.
01.25 Dagskrárlok

HELGAR veðrið

FIMMTUDAGUR

12.10 HM-skjáleikurinn
15.10 HM í knattspyrnu
Ítalía - Chile
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Krói (6:21)
18.30 HM í knattspyrnu
Kamerún - Austurríki
Bein útsending frá fyrri hálfleik.
20.00 Fréttir og veður
20.20 HM í knattspyrnu
Kamerún - Austurríki
Seinni hálfleikur.
21.20 Frasier (12:24)
21.50 Heimsókn Danadrottningar
22.05 Saksóknarinn (16:22)
23.00 Ellefufréttir og HM-yfirlit
23.20 HM-skjáleikurinn

FÖSTUDAGUR

09.10 HM-skjáleikurinn
12.10 HM í knattspyrnu
Paraguay - Búlgaría
15.10 HM í knattspyrnu
Sádi-Arabía - Danmörk
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Þytur í laufi (44:65)
18.30 HM í knattspyrnu
Frakkland - Suður-Afríka
Bein útsending frá fyrri hálfleik.
20.00 Fréttir og veður

Súðavík

Góð gjöf

Fyrir stuttu gaf Slysavarnafélag Súðavíkur þriggja og sex ára börnum í Súðavík reiðhjólahjálma.
Meðfylgjandi mynd var tekin af börnunum með hjálmana, en þau heita Tristan, Elísa, Sigurgeir, Tinna Rún, Þórir, Gunnar Guðberg, Anna Margrét og Anna Elísa.

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Eftirtaldar eignir eru einungis sýnishorn úr söluskrá okkar, leytið nánari upplýsinga á skrifstofu.

Sunnuholt 1: Eitt glæsilegasta húsið í bænum. 277m², ásamt bílskúr.

FLATEYRI:

Hjallavegur 9: 3ja og 4ja herbergja íbúðir.
Hjallavegur 14 og 16: Lítil raðhús á einni hæð.
Hjallavegur 18: Efri og neðri hæð í tvíbýlishúsi.
Hjallavegur 20: Efri hæð í tvíbýlishúsi
Hafnarstræti 23: Einbýlishús ásamt bílskúr. Húsið er laust. Verð: 2,600,000,-

Góð áhvílandi lán fylgja öllum eignunum á Flateyri.

ÍSAFJÖRÐUR:

Aðalstræti 13: Efri hæð í tvírýlishúsi ásamt hálfum kjallara og tvöföldum bílskúr.
Mánagata 6: Efri hæð 155m² 5-6 herbergja. Laus fljótlega. Verð: 6.300.000,-
Pólgata 4: 5 herbergja íbúð á 3. hæð. Verð: 3.600.000,-
Stakkanes 6: Rúmlega 140m² raðhús ásamt bílskúr og sólstofu. Verð 11.500.000,-
Pólgata 6: 3ja herbergja íbúð á 3. hæð. Laus fljótlega.
Stórholt 11: 3ja herbergja íbúð á 3. hæð fyrir miðju. Laus. Verð: 4.300.000,-
Stórholt 13: 4ra herb. íbúð á 2. hæð ásamt bílskúr. Skipti á ódýrari eign eða jafnvel bíl koma til greina. Íbúðin er laus. Verð kr. 7.800.000
Strandgata 5: Hnífsdal, 2ja herb. íbúð 65 m² á 2. hæð í sambýlishúsi. Íbúðin er laus. Verð kr. 2.000.000
Strandgata 7: Þetta hús er nú til sölu á aðeins kr. 6.500.000,-
Urðarvegur 60: Glæsilegt raðhús, alls rúmlega 200m², ásamt bílskúr. Skipti á minni eign á eyrinni koma til greina. Tilboð óskast.

Hlíðarvegur 14: Einbýlishús - kjallari, hæð og óinnréttað ris. Grunnflötur ca. 90m². Húsið er nýuppgert að mestu. Verð: 10.400.000,-

BOLUNGARVÍK:

Holtabrún 5: Ca. 140m² einbýlishús ásamt bílskúr.
Hafnargata 7: 86m² neðri hæð í tvíbýlishúsi.
Hólastígur 5: Raðhús á einni hæð ásamt bílskúr. Samtals 212m². Góð áhvílandi lán, laust.
Höfðastígur 6: U.þ.b. 80m² kjallaraíbúð. Íbúðin er laus. Verð: 1.200.000,-
Stigahlíð 2 og 4: 2ja og 3ja herbergja íbúðir. Verð: 1.500.000,- til 3.000.000,-
Skólastígur 21: 3ja herbergja íbúð á 1. hæð. Íbúðin er mjög falleg og er auð. Verð kr. 3.700.000,-
Traðarland 10: Einbýlishús ásamt bílskúr. Verð: 7.200.000,-
Völusteinsstræti 3: Einbýlishús ásamt bílskúr.
Völusteinsstræti 28: 150m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Nýuppgert að utan. Verð: 7.000.000,-.

PATREKSFJÖRÐUR:

Aðalstræti 23: Lítið einbýlishús. Húsið er laust. Verð: 600.000.-
Hjallar 10: Einbýlishús - laust. Verð: 3.600.000,-

SUÐUREYRI:

Hlíðarvegur 10: Efri hæð í tvíbýlishúsi. Góð áhvílandi lán.
Sætún 4: 190m² raðhús. Verð: 1.400.000,-

Halló Ísafjarðarbær!

Videohöllin og Frummynd eru búin að sameina fyrirtæki sín í gömlu glæsilegu húsnæði Videohallarinnar v/Norðurveg.

Þetta gerir það að verkum að þjónustan eflist til muna!

Við erum með:
-videospólur til leigu og sölu í miklu úrvali!
-geisladiska í miklu úrvali!
-hágæða sjónvarpstæki í miklu úrvali!
-hljómtæki í miklu úrvali!
-gervihnattabúnað í miklu úrvali!
-úrvalsþjónustu!

Í tilefni opnunar hins nýja fyrir-tækis okkar, bjóðum við sérstakan opnunarafslátt á geisladiskum og hljómtækjum út vikuna (6.-10. júní).

Breyttur opnunartími
Mánudaga-föstudaga kl. 13:00-23:30
Laugardaga kl. 11:00-23:30
Sunnudaga kl. 14:00-23:30

Mikið úrval af gömlum og nýlegum spólum til sölu aðeins kr. 200-500.

Látið sjá ykkur!

Vandaðu til verks... ... verslaðu í Vídeóhöllinni

Vídeó Höllin – við Norðurveg
456 4853

Ert þú að leita að: spennumúsiksannsögugamandramahryllingsfræðsluævintýravísandabarnateiknimynd ?

TV 1000 GERVIHNATTA sjónvarpið

20.20 HM í knattspyrnu
Frakkland - Suður-Afríka
Seinni hálfleikur.
21.15 Brúðkaup Elinóru
22.50 Bjargvætturin
00.25 Saksóknarinn (7:22)
01.10 Útvarpsfréttir
01.25 HM-skjáleikurinn

LAUGARDAGUR

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.30 HM-skjáleikurinn
12.10 HM í knattspyrnu
Spánn - Nígería
14.55 Auglýsingatími
15.10 HM í knattspyrnu
Suður-Kórea - Mexíkó
17.50 Táknmálsfréttir
18.30 Dýrin tala (37:39)
18.30 HM í knattspyrnu
Holland - Belgía
Bein útsending frá fyrri hálfleik í St Denis.
20.00 Fréttir og veður
20.20 HM í knattspyrnu
Holland - Belgía
Seinni hálfleikur.
21.20 Lottó
21.30 Atvinnumaðurinn
(Mr. Baseball)
Bandarísk bíómynd frá 1992 um ævintýri bandarísks hafnaboltaleikara sem gerist atvinnumaður í íþrótt sinni í Japan.
23.25 Zelig
00.40 Útvarpsfréttir
00.50 HM-skjáleikurinn

SUNNUDAGUR

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.45 HM-skjáleikurinn
12.10 HM í knattspyrnu
Argentína - Japan
15.10 HM í knattspyrnu
Júgóslavía - Íran
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Allt sem glóir
18.15 Tómas og Tim (6:10)
18.30 Þrettándi riddarinn (5:6)
19.00 Geimstöðin (1:52)
20.00 Fréttir og veður
20.30 Í fótspor ferðamanna
Í myndinni er fylgst með erlendum ferðamönnum á leið um landið og leitast við að varpa ljósi á hugmyndir þeirra og viðhorf til lands og þjóðar.
21.00 Emma í Mánalundi (7:26)
21.50 Mitt á meðal óvina
(In the Presence of Mine Enemies)
Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1996. Myndin gerist í uppreisninni í Varsjá í seinni heimsstyrjöldinni og segir frá rabbína, fjölskyldu hans og söfnuði. Leikstjóri er Joan Micklin Silver og aðalhlutverk leika Charles Dance og Armin Mueller-Stahl. Þýðandi: Veturliði Guðnason.
23.25 Helgarsportið
23.45 HM í knattspyrnu
Jamaíka - Króatía
Upptaka frá leik þjóðanna í Lens fyrr um kvöldið.
01.45 Útvarpsfréttir
01.55 HM-skjáleikurinn

TV2 NORGE · TV3 D+N+S · TV DANMARK · KANAL 5 SVERIGE · MTV EUROPE · DR2 DANMARK · CNN USA · NRK 2 NORGE · NRK 1 NORGE · BBC PRIME ENGLAND · CARTOON TNT - USA · CANAL+ NORGE DANMARK

Söluaðili gervihnattabúnaðar: Frum-Mynd, Sólgötu 11 Ísafirði, sími 456 5091

BEINAR ÚTSENDINGAR ERLENDRA SJÓNVARPSSTÖÐVA

TV 3 - NOREGUR

Föstudagur 12. júní kl. 12:30
Paragvæ - Búlgaría
Sunnudagur 14. júní kl. 12:30
Júgóslavía - Íran
Sunnudagur 14. júní kl. 15:30
Argentína - Japan
Mánudagur 15. júní kl. 15:30
Rúmenía - Kólumbía
Miðvikudagur 17. júní kl. 15:30
Chíle - Austurríki
Föstudagur 19. júní kl. 15:30
Nígería - Búlgaría
Laugardagur 20. júní kl. 15:30
Belgía - Mexíkó
Sunnudagur 21. júní kl. 15:30
Argentína - Jamaíka
Þriðjudagur 23. júní kl. 14:00
Ítalía - Austurríki
Þriðjudagur 23. júní kl. 19:00
Skotland - Noregur

TV 3 - DANMÖRK

Miðvikudagur 10. júní kl. 15:30
Brasilía - Skotland
Föstudagur 12. júní kl. 18:40
Saudí Arabía - Danmörk
Laugardagur 13. júní kl. 15:10
Suður Kórea - Mexíkó
Laugardagur 13. júní kl. 18:40
Holland - Belgía
Sunnudagur 14. júní kl. 15:10
Argentína - Japan
Mánudagur 15. júní kl. 12:10
England - Túnis
Mánudagur 15. júní kl. 18:40
Þýskaland - Bandaríkin
Þriðjudagur 16. júní kl. 15:10
Skotland - Noregur
Þriðjudagur 16. júní kl. 18:40
Brasilía - Marokkó

Þá sýna NRK1 og NRK2 frá flestum leikjum heimsmeistarakeppninnar í beinni útsendingu

BÍLATANGI
Ísafirði
Símar 456 3800 og 456 4580

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

BÍLATANGI
Ísafirði
Símar 456 3800 og 456 4580

Sjómenn landsins héldu upp á hátíðisdag sinn á sunnudag. Flest skip og bátar landsmanna voru við bryggju þann dag og sjómenn skemmtu sér saman og með fjölskyldum sínum. Sjómenn í Bolungarvík voru engir eftirbátar kollega sinna í þeim efnum enda heppnaðist hátíðardagskráin þar eins og best verður á kosið. Myndina hér að ofan tók Magnús Hávarðarson á sjómannadag við smábátahöfnina í Bolungarvík. Sjá nánar frásögn og myndir af hátíðarhöldum sjómannadagsins á bls. 12.

Verðkönnun ASÍ og Neytendasamtakanna á algengum vörum

Ódýrast að versla í Samkaupum en dýrast í Búðinni okkar á Suðureyri

Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Neytendasamtökin framkvæmdu fyrir stuttu verðkönnun á 83 algengum vörum í 22 matvöruverslunum á Suðurlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum auk fimm verslana á höfuðborgarsvæðinu. Alls voru því 27 verslanir með í könnuninni sem gerð var miðvikudaginn 27. maí, en tvær verslanir á Akranesi neituðu að vera með, eins og segir í frétt frá framkvæmdaraðilum.

Á Suðurlandi reyndist verð vera lægst í Kjarval á Selfossi, á sunnanverðu Vesturlandi var verð lægst í Hraðkaupi í Borgarnesi og á Vestfjörðum var lægsta verðið í Samkaupum á Ísafirði. Í könnuninni var verð kannað hjá verslunum í innkaupasamstarfi, stórmörkuðum og keðjuverslunum sem og hjá sjö litlum sjálfstæðum matvöruverslunum, þar af fimm á Vestfjörðum. Í frétt frá framkvæmdaraðilum segir að litlar sjálfstæðar verslanir utan Vestfjarða standi sig betur í að halda vöruverði lágu og sé Vöruval í Vestmannaeyjum þar efst á blaði og Grundarval á Akranesi. Yfir 10% verðmunur er á þessum tveimur verslunum og þeim vestfirsku en af litlu verslunum á Vestfjörðum er Metta á Tálknafirði með lægsta verð.

Við úrvinnslu könnunarinnar er miðað við meðalverð sé 100. Fjarðarkaup í Hafnarfirði er lægst með stuðulinn 87,2, þá kemur Samkaup í Hafnarfirði með 92,2, þá Kjarval á Selfossi með 92,5, þá Hraðkaup í Borgarnesi með 93,2, Hagkaup (Nýkaup) í Reykjavík með 93,5, þá Samkaup á Ísafirði með 93,6, K.Á. á Selfossi með 94,3, þá K.Á. í Vík í Mýrdal með 94,5 og K.Á. í Vestmannaeyjum og á Hellu með 94,7. Kaupfélag Borgfirðinga var með verðstuðulinn 95,0, Tanginn í Vestmannaeyjum 95,1, Kaupgarður í Mjódd í Reykjavík 95,6, Hverakaup í Hveragerði 96,1, Eló Skeiði Ísafirði 100,1, Skagaver á Akranesi 100,6, Hornið á Selfossi 101,2, Breiðholtskjör í Reykjavík 102,8, Vöruval í Bolungarvík 104,8 og Kaupfélag Steingrímsfjarðar á Hólmavík var með verðstuðulinn 110,3.

Af litlum sjálfstæðum verslunum var Vöruval í Vestmannaeyjum með lægst vöruverð eða 102,3, þá Grundarval á Akranesi með 102,8, þá Metta á Tálknafirði með 113,1, þá Sandafell á Þingeyri með 113,3, þá Verslun Gunnars Sigurðssonar á Þingeyri með 114,0, þá Verslun Bjarna Eiríkssonar í Bolungarvík með 116,6 og dýrust var Búðin okkar á Suðureyri með verðstuðulinn 117,3.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Ísafjarðarflugvelli
Sími 456 3000
Hopp til Reykjavíkur
kr. 3.365,-
m/skatti

Nýjar vörur í hverri viku!
vestur sport
Sími: 456 3602

1978-1998
Kúba
16.-22. nóvember
Samvinnuferðir-Landsýn
Söluskrifstofa • Hafnarstræti 7
Ísafirði • Sími 456 5390

Vest 97·9 BYLGJAN ÍSAFIRÐI
Fréttaritari á Ísafirði
Símar: 456 5252 • 854 8822
894 8822 • Boðtæki 842 0578
Umboðsaðili
Þjónusta & áskrift
Sími: 456 4594
Fax: 456 4592
PÓLLINN HF.

Elo
Sími: 456 4211
Þín verslun
HM Fótboltanammi
279 kr./400 gr.
BJÖRNSBÚÐ er opin
alla virka daga frá kl. 9 til 23
Laugardaga og sunnudaga
frá kl. 10 til 23
...vestfirsk verslun!